



Ársreikningur 2024

Þessi ársreikningur er þýðing á enskri útgáfu hans. Komi fram einhver mismunur milli enskrar og íslenskrar útgáfu ársreikningsins gildir enska útgáfan.

HS Orka hf.
Orkubraut 3, Svartsengi
241 Grindavík
kt. 680475-0169

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	2
Áritun óháðs endurskoðanda	6
Yfirlit um heildarafkomu	9
Efnahagsreikningur	10
Eiginfjárfirlit	11
Sjóðstreymisyfirlit	12
Skýringar	13
Stjórnarháttayfirlýsing, óendurskoðuð	50

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

HS Orka hf. („félagið“ eða „HS Orka“) er orkufyrirtæki á Íslandi með uppsett afl og leyfi fyrir samtals 214,9 MW orkuframleiðslu, annars vegar 205 MW fyrir nýtingu jarðvarma og hins vegar 9,9 MW fyrir nýtingu vatnsafls til orkuvinnslu. Félagið selur rafmagn til einstaklinga og smárra og meðalstórra fyrirtækja á öllu landinu sem og til orkufreks iðnaðar. Félagið er helsta vatnsveitan á Reykjanesi og sér bæjarfélögum á svæðinu fyrir heitu og köldu vatni í gegnum HS Veitur sem annast dreifingu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni á svæðinu. Auk þess eru seldar aukaafurðir sem falla til við jarðvarmavinnslu í Auðlindagarðinum, sem staðsettur er í nágrenni við jarðvarmavirkjanir félagsins. Félagið framleiðir heitt vatn til húshitunar, aflar grunnvatns til notkunar í iðnaði og smásölu, sem og jarðsjó og gufu fyrir stórnotendur í iðnaði.

HS Orka er mikilvægt innviðafyrirtæki á Íslandi sem aflar vatns til nærliggjandi byggðarkjarna þar sem búa um 30 þúsund manns, eða um 10% landsmanna. Félagið er þriðji stærsti raforkuframleiðandi á Íslandi, með um 9% af raforkuframleiðslu landsins og framleiðir endurnýjanlega orku til dreifingar á landsvísi. Orkuverin í Svartsengi og á Reykjanesi eru þannig mikilvægir innviðir fyrir raforkuöryggi þjóðarinnar.

Ársreikningur HS Orku fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingar samkvæmt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga.

Jarðhræringar

Jarðhræringar norðan Grindavíkur hófust 25. október 2023 og lýstu sér í jarðskjálftavirkni og eldgosum nálægt orkuverinu í Svartsengi og Grindavíkurbæ. Frá upphafi eldsumbrota hefur átta sinnum flætt út úr kvikuhólfinu og kvikugangar þannig myndast. Sá fyrsti, þann 10. nóvember 2023, leiddi ekki til eldgoss en í kjölfar hinna sjö, 18. desember 2023, 14. janúar 2024, 8. febrúar 2024, 16. mars 2024, 29. maí 2024, 22. ágúst 2024 og 20. nóvember 2024, urðu skammvinn eldgos.

Jarðvarmavirkjunin í Svartsengi er í fullum rekstri og hefur verið það allt þetta tímabil, fyrir utan tvö atvik í tveimur af sjö eldgosum. Þau áttu sér stað 8. febrúar og 22. nóvember 2024 en áhrif á starfsemi orkuversins í Svartsengi voru óveruleg.

Frekari upplýsingar um málefni er varða jarðhræringar er að finna í skýringu 40 og í sjálfbærniskýrslu félagsins 2024.

Starfsemi ársins 2024

Rekstrartekjur félagsins námu 14.531 millj. kr. á árinu 2024 (2023: 12.963 millj. kr.) og tap ársins 419 millj. kr. (2023: hagnaður 1.505 millj. kr.). Heildartap var 499 millj. kr. (2023: heildarhagnaður 1.310 millj. kr.). Í lok árs 2024 námu heildareignir félagsins 79.956 millj. kr. (2023: 75.570 millj. kr.). Eigið fé í árslok nam 31.027 millj. kr. (2023: 31.526 millj. kr.) eða 38,8% af heildareignum 2024 (2023: 41,7%). Ef víkjandi hluthafalánið væri flokkað sem eigið fé í lok árs 2024 yrði eiginfjárhlutfall félagsins 47,0% (2023: 49,4%). Vísað er til eiginfjárfirlits um breytingar á eigin fé á árinu. Meðalfjöldi starfsmanna var 92 á árinu 2024 (2023: 89).

HS Orka endurfjármagnaði skuldir félagsins á árinu 2024 og tryggði lánalínur fyrir áframhaldandi uppbyggingu hér á landi. Fjármögnunin nær til yfirstandandi stækkunar og endurbóta orkuversins í Svartsengi og er mikilvægt skref í átt að áformum um frekari vöxt félagsins í jarðvarma og vatnsafl, sem byggja á orkukostum í nýtingarflokki rammaáætlunar. Lánsfjárhæðin nemur að jafnvirði um 290 milljónum dollara eða um fjörutíu milljörðum íslenskra króna og er veitt af íslenskum og alþjóðlegum bönkum og sjóðum. Þá var víkjandi hluthafalán framlengt um u.þ.b. 5 ár en lánið var upprunalega veitt í nóvember 2022 sem hluti af fjármögnun til stækkunar á virkjuninni í Svartsengi.

Eigin framleiðsla HS Orku í MWh árið 2024 var um 0,5% meiri en árið 2023. Enn ríkir nokkur óvissa um hvernig framleiðsla jarðhitaauðlindarinnar á Reykjanesi mun þróast. Ástand og nýting jarðhitaauðlindarinnar hefur veruleg áhrif á afkomu HS Orku. Líkt og áður hefur á árinu 2024 verið lögð áhersla á að þróa líkön til að kortleggja forðafærði jarðhitasvæða, í þeirri viðleitni að tryggja sjálfbærni og stöðugleika í orkuvinnslu og nýtingu jarðvarma. Aukin eldsumbrot og losun lofttegunda frá borholunum í Svartsengi hafa dregið úr orkuvinnslu á svæðinu um sinn. Fundnar hafa verið lausnir og aðgerðir eru hafnar til að milda áhrifin, til að mynda uppfærslur og breytingar á gassogskerfum orkuveranna.

Frekari stækkun og endurnýjun orkuversins í Svartsengi (SVA 7) hélt áfram árið 2024. Jarðvegsframkvæmdum er lokið og aðrir framkvæmdaliðir, svo sem innkaup og samningaviðræður við birgja, eru samkvæmt áætlun. Vegna eldgosanna sjö við Svartsengi frá því í september 2023 hefur nokkrum sinnum þurft að gera hlé á framkvæmdum á árinu, í samræmi við öryggis- og vinnuverndarstefnu HS Orku. Þrátt fyrir það er verkefnið á áætlun og gangsetning nýs orkuvers í Svartsengi er eftir sem áður fyrirhuguð í byrjun nóvember 2025.

Árið 2024 voru tvær borholur boraðar. Mælingar standa enn yfir og þegar niðurstöður liggja fyrir verður ákveðið hvort borholurnar henti sem vinnsluholur eða hvort búist sé við að þær viðhaldi sjálfbærri framleiðslu á komandi árum. Árið 2024 fóru fram frekari boranir til að hreinsa núverandi borholur svo hægt sé að viðhalda óbreyttri framleiðslu á Reykjanesi og takmarka útfellingar.

Önnur verkefni í þróun á Reykjanesskaga eru Eldvörp, Austurengjar og Sveifluháls á Krýsuvíkarsvæðinu, sem er gjöfult jarðhitasvæði og framtíðaruppspretta á heitu vatni fyrir höfuðborgarsvæðið. Í júní 2024 undirrituðu HS Orka og landeigandinn Hafnarfjarðarbær samkomulag um rannsóknir og nýtingu auðlindaréttinda í Krýsuvík til vinnslu á heitu vatni, grunnvatni og til raforkuframleiðslu. Áætlað er að borun á rannsóknarholum hefjist árið 2025.

Frekari upplýsingar um umhverfismál, mannauð, sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð er að finna í sjálfbærnisráðgjafarlunni á slóðinni <https://www.hsorka.is/en/sustainability/sustainability-reports/>

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2025.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.

Hlutfé og samþykktir

Líkt og árið á undan voru hluthafar í árslok 2024 tveir talsins: HSO 1 ehf. með 99,99997% hluta og HSO 2 ehf. með 0,00003% hluta. Endanlegir eigendur félagsins eru Jarðvarmi slhf. og sjóðir í stýringu hjá Ancala Partners LLP. Eignarhlutur hvors um sig er 50%.

Stjórnarhættir fyrirtækja

HS Orka hf. er hlutfélag sem starfar í samræmi við lög um hlutfélög nr. 2/1995. Rammi um stjórnarhætti hjá félaginu er grundvallaður á lögum, samþykktum hluthafa, samþykktum félagsins og verklagsreglum sem gilda um stjórn og undirnefndir stjórnar. Félaginu er stjórnað af hluthöfum, stjórn og forstjóra. Frekari upplýsingar um stjórnarhætti félagsins er að finna í stjórnarháttayfirlýsingu sem finna má í viðauka við ársreikninginn.

Haldnir voru níu stjórnarfundir á árinu 2024, fjórir fundir í endurskoðunarnefnd og fimm fundir í starfskjaranefnd. Í stjórn félagsins eru fjórir einstaklingar og er hlutfall karla og kvenna jafnt. Sjö einstaklingar sátu í framkvæmdastjórn félagsins á árinu 2024, fjórir karlar og þrjár konur. Í árslok 2024 voru karlmenn 79% af starfsmönnum HS Orku og konur 21%.

HS Orka fylgir formlegu áhættustýringarferli þegar kemur að því að greina og stýra helstu áhættum sem félagið stendur frammi fyrir. Nýlega innleiddi HS Orka nýtt stjórnntæki til að auka gagnsæi og gera hverri deild kleift að stýra áhættu betur. Upplýsingar sem tengjast fjárhagslegri áhættustýringu er að finna í skýringu 28.

Stjórnarháttayfirlýsing

Umfram það sem hér kemur fram er vísað til kaflans „Stjórnarháttayfirlýsing“. Félagið starfar í samræmi við lög um hlutfélög nr. 2/1995, með síðari breytingum, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og önnur viðeigandi lög og reglugerðir.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2024 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2024.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri HS Orku hf. hafa yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2024 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri munu leggja ársreikninginn fram til samþykktar á aðalfundi félagsins þann 29. apríl 2025.

Svartsengi, 5. mars 2025

Stjórn

Adrian Pike
Stjórnarformaður

Bjarni Þórður Bjarnason

Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir

Heike Bergmann

Forstjóri

Tómas Már Sigurðsson
Forstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa HS Orku hf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning HS Orku hf. („félagið“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og við erum óháð félaginu við endurskoðunina.

Við vorum fyrst kjörin endurskoðendur á aðalfundi fyrirrennara HS Orku hf., Hitaveitu Suðurnesja, árið 1980 og höfum verið kjörin endurskoðendur félagsins á aðalfundi samfelld síðan þá.

Ábending um málefni tengd jarðhræringum

Athygli er vakin á skýrslu og áritun stjórnar og forstjóra og skýringu 40 við ársreikninginn, þar sem fjallað er um áhrif jarðhræringa á Reykjanesskaga sem hófust 25. október 2023. Ekki er gerður fyrirvari um álit okkar hvað þetta varðar.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun ársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á ársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

Lykilþættir endurskoðunar, frh.

Lykilþáttur	Endurskoðunin
Í árslok 2024 var bókfært virði orkuvera 56.552 millj. kr. (sjá skýringar 4.e og 14) og rekstrarfjármunir í byggingu námu 10.040 millj. kr. (sjá skýringu 15). Orkuver eru færð á endurmetnu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Matið byggir á nýtingarvirði sem er reiknað á grundvelli núvirts sjóðsflæðis eignanna. Endurheimtanleg fjárhæð þessara eigna var metin í árslok og borin saman við bókfært verð til að meta hvort þörf væri á endurmati eða vísbending um virðisrýrnun. Við lögðum áherslu á þessar eignir vegna bókfærðs verðs orkuvera í notkun og orkuvera í byggingu, sem samtals eru 80% af heildareignum og þar sem mat stjórnenda á nýtingarvirði felur í sér verulega matsþætti varðandi spá og afvöxtun framtíðarsjóðsflæðis sem er grundvöllur mats eignanna. Þess vegna er um að ræða lykilþátt endurskoðunar.	Með aðstoð verðmatssérfræðinga okkar: • Mátum við sjóðsflæðislíkan sem stjórnendur notuðu við útreikninga við mat á endurheimtanlegri fjárhæð í árslok og staðfestum útreikninga líkansins. • Lögðum við áherslu á að rýna áætlun stjórnenda sem byggði á upplýsingum um mögulega framtíðarnýtingu, fjárfestingar og tekjur af orkuverunum, bæði fyrir núverandi orkuver og orkuver í byggingu. • Lögðum við mat á hvort afvöxtunarstuðull sem notaður er væri viðeigandi með því að horfa til þess hvort afvöxtunarstuðlar væru innan ásættanlegs bils og bárum þá saman við markaðsbreytur. • Gerðum við næmigreiningu á þeim forsendum sem notaðar voru. • Ályktuðum við um hvort tengdar skýringar væru viðeigandi.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og forstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða aðgerða við höfum gripið til að eyða áhættu eða varúðarráðstafanir til að bregðast við henni.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar veða þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 5. mars 2025

KPMG ehf.

Lilja Dögg Karlsdóttir

Sæmundur Valdimarsson

Yfirlit um heildarafkomu árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur	5	14.531.430	12.963.033
Aðrar tekjur (tryggingabætur)	5	60.938	166.976
Innleystar ál áhættuvarnir	5	0	114.663
Framleiðslukostnaður og kostnaðarverð sölu	6	(10.432.713)	(8.757.180)
Vegur hagnaður		4.159.655	4.487.493
Annar rekstrarkostnaður	7	(1.597.951)	(1.336.472)
Rannsóknar- og þróunarkostnaður	8	(82.908)	(53.449)
Annar kostnaður		(1.680.859)	(1.389.922)
Rekstrarhagnaður		2.478.795	3.097.571
Fjármunatekjur		467.795	413.294
Fjármagnsgjöld		(2.847.075)	(2.047.935)
Gengismunur		(70.066)	1.019.474
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða	34	(41.713)	(158.949)
Gangvirðisbreytingar annarra afleiðna	32, 34	(501.646)	(527.650)
Hrein fjármagnsgjöld	12	(2.992.705)	(1.301.767)
Hlutdeild í tapi dóttur- og hlutdeildarfélagi	17	(98.065)	(11.985)
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt		(611.975)	1.783.819
Tekjuskattur	13	192.647	(278.950)
(Tap) hagnaður ársins		(419.328)	1.504.870
Önnur heildarafkoma			
Liðir sem verða ekki endurflokkaðir í rekstrarreikning			
Matsbreyting lífeyrisskuldbindingar	24	(101.075)	(242.976)
Tekjuskattur af liðum sem ekki verða endurflokkaðir	13	21.226	48.595
Önnur heildarafkoma ársins		(79.849)	(194.381)
Heildar(tap) hagnaður ársins		(499.177)	1.310.489

Skýringar á blaðsíðum 13-49 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir	14	56.552.415	55.716.909
Rekstrarfjármunir í byggingu	15	10.040.132	4.005.394
Ófnislegar eignir	16	1.799.735	1.523.367
Eignarhlutir í dótturfélögum	17	4.072.353	4.167.694
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	17	49.935	12.659
Eignarhlutir í öðrum félögum	18	16.575	16.575
Lán til dótturfélags	38	2.317.688	2.203.613
Innbyggðar afleiður	34	37.395	171.187
Aðrar afleiður	32	0	97.071
Ál áhættuvarnir	34	1.725	0
Fastafjármunir samtals		<u>74.887.953</u>	<u>67.914.468</u>
Veltufjármunir			
Birgðir		553.780	504.166
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	19	3.096.301	1.896.487
Innbyggðar afleiður	34	105.539	13.461
Ál áhættuvarnir	34	23.219	0
Handbært fé	20	1.288.804	5.241.740
Veltufjármunir samtals		<u>5.067.644</u>	<u>7.655.853</u>
Eignir samtals		<u>79.955.597</u>	<u>75.570.322</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé		6.789	6.789
Yfirverðsreikningur hlutfjár og lögbundinn varasjóður		6.837.564	6.837.564
Endurmatsreikningur		8.404.737	9.082.368
Óráðstafað eigið fé		15.777.475	15.599.021
Eigið fé samtals	21	<u>31.026.565</u>	<u>31.525.742</u>
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	22	32.070.366	29.264.027
Víkjandi hluthafalán	23	6.535.111	5.807.517
Lífeyrisskuldbindingar	24	3.060.000	3.070.000
Tekjuskattsskuldbinding	25	3.134.290	3.142.034
Aðrar afleiður	32	255.915	0
Leiguskuldbindingar	26	393.564	126.424
Langtímaskuldir samtals		<u>45.449.246</u>	<u>41.410.002</u>
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	22	15.375	15.375
Næsta árs afborgun leiguskuldbindinga	26	245.940	376.663
Aðrar afleiður	32	173.605	0
Skattur til greiðslu	25	0	326.685
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	27	3.044.867	1.915.855
Skammtímaskuldir samtals		<u>3.479.786</u>	<u>2.634.578</u>
Skuldir samtals		<u>48.929.032</u>	<u>44.044.580</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>79.955.597</u>	<u>75.570.322</u>

Skýringar á blaðsíðum 13-49 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Eiginfjárfirlit fyrir árið 2024

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
2023					
Eigið fé 1. janúar 2023	6.562	1.238.368	9.768.911	17.618.112	28.631.953
Hagnaður ársins				1.504.870	1.504.870
Önnur heildarafkoma				(194.381)	(194.381)
Heildarhagnaður ársins				1.310.489	1.310.489
Hlutafjárhækkun	804	5.599.196			5.600.000
Hlutafjárlækkun	(577)			(4.016.123)	(4.016.700)
Endurmatsreikningur færður á óráðstafað eigið fé			(686.543)	686.543	0
Eigið fé 31. desember 2023	6.789	6.837.564	9.082.368	15.599.021	31.525.742
2024					
Eigið fé 1. janúar 2024	6.789	6.837.564	9.082.368	15.599.021	31.525.742
Tap ársins				(419.328)	(419.328)
Önnur heildarafkoma				(79.849)	(79.849)
Heildartap ársins				(499.177)	(499.177)
Endurmatsreikningur færður á óráðstafað eigið fé			(677.630)	677.630	0
Eigið fé 31. desember 2024	6.789	6.837.564	8.404.737	15.777.475	31.026.565

Skýringar á blaðsíðum 13-49 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Sjóðstreymisýfirlit fyrir árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
(Tap) hagnaður á árinu		(419.328)	1.504.870
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna		(14.008)	(3.863)
Lækkun lífeyrisskuldbindingar	24	(111.075)	(103.976)
Afskriftir	11	3.092.799	2.938.962
Hrein fjármagnsgjöld	12	2.992.705	1.301.767
Hlutdeild í tapi dóttur- og hlutdeildarféлага	17	98.065	11.985
Tekjuskattur	13	(192.647)	278.950
Veltufé frá rekstri		5.446.512	5.928.694
Birgðir, (hækkun)		(49.614)	(51.495)
Skammtímakröfur, (hækkun)		(1.200.015)	(362.847)
Skammtímaskuldir, hækkun		558.461	11.220
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og skatta		4.755.344	5.525.572
Innheimtir vextir		213.499	335.550
Greiddir vextir		(2.352.240)	(1.443.435)
Greiddir skattar		(120.557)	(139.531)
Handbært fé frá rekstri		2.496.047	4.278.156
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	14	(3.389.797)	(2.536.302)
Fjárfesting í rekstrarfjármunum í byggingu	12, 15	(4.927.991)	(2.379.535)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		36.428	6.225
Fjárfesting í óefnislegum eignum	16	(297.526)	(57.013)
Fjárfesting í hlutdeildarfélögum		(40.000)	0
Fjárfesting í dótturfélögum		0	(3.591.576)
Fjárfesting í öðrum félögum	18	0	(1.500)
Skammtímafjárfestingar		0	(2.128.635)
Mótttekinn arður frá hlutdeildarfélögum	17	220	0
Söluandvirði hlutdeildarféлага		200	0
Afborganir langtímakrafna		140.000	0
Fjárfestingarhreyfingar		(8.478.465)	(10.688.336)
Fjármögnunarhreyfingar			
Hlutfjárhækkun	21	0	5.600.000
Hlutfjárlækkun	21	0	(4.016.700)
Ný langtímalán	22	23.368.254	4.312.993
Afborganir lána	22	(20.958.950)	(15.375)
Afborganir leiguskuldbindinga	26	(403.355)	(345.545)
Fjármögnunarhreyfingar		2.005.949	5.535.374
Lækkun á handbæru fé		(3.976.469)	(874.806)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		23.533	(264.679)
Handbært fé 1. janúar		5.241.740	6.381.226
Handbært fé 31. desember		1.288.804	5.241.740
Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum í byggingu		(569.040)	115.476
Skammtímaskuldir, (lækkun)		569.040	(115.476)

Skýringar á blaðsíðum 13-49 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

1. Félagið

HS Orka hf. er íslenskt hlutafélag. Lögheimili þess er að Orkubraut 3, Svartsengi, Grindavík. Félagið annast framleiðslu og sölu á raforku, heitu vatni til upphitunar og köldu neysluvatni. Félagið er í endanlegri eigu Jarðvarma slhf. og sjóða stýrt af Ancala Partners LLP, hvor aðili um sig á 50% hlut í félaginu. Ársreikningur félagsins er hluti af samstæðuársreikningi HS Orku Holding hf. og upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu þess eru innifaldar í þeim reikningi. Félagið leggur einnig fram samstæðuársreikninga fyrir félagið og dótturfélög þess.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingar samkvæmt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga.

Stjórn félagsins heimilaði birtingu ársreikningsins þann 5. mars 2025.

3. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Matsaðferðir

Reikningsskil félagsins byggja á kostnaðarverði, að undanskildum eftirfarandi mikilvægum liðum í efnahagsreikningi:

- meirihluti rekstrarfjármuna er færður á endurmetnu kostnaðarverði, sem var gangvirði þeirra á endurmatsdegi
- innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum eru metnar á gangvirði

b. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

c. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður í framtíðinni kunna að vera frábrugðnar núverandi mati og forsendum. Endurmat og áhrif þess á bókfært verð eigna og skulda félagsins eru færð þegar mat breytist.

Endanlegar niðurstöður í framtíðinni kunna að verða frábrugðnar núverandi mati og forsendum og kunna að hafa veruleg áhrif á sögulega reynslu félagsins og aðrar staðreyndir og kringumstæður.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem mikilvægi ákvarðana við beitingu reikningsskilaaðferða hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

3. Grundvöllur reikningsskila, frh.

- Skýring 14. Afskriftir rekstrarfjármuna og endurmat rekstrarfjármuna.
- Skýringar 15 og 16. Virðisrýrnun rekstrarfjármuna í byggingu og óefnislegra eigna.
- Skýring 34. Gangvirði innbyggðra afleiðna í raforkusölusamningum.
- Skýring 24. Lífeyrisskuldbindingar.

d. Mat gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir og skýringar félagsins krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði vegna fjármálagerna og annarra eigna og skulda.

Félagið hefur komið upp verklagi við ákvörðun á gangvirði. Í skipulaginu felst að starfsmenn fjármálasviðs, undir forystu fjármálastjóra, bera ábyrgð á umsjón með öllum mikilvægum ákvörðunum varðandi mat á gangvirði, þ.m.t. 3. stigs gangvirði.

Fjármálasvið fer reglulega yfir mikilvægar ósannreynanlegar upplýsingar og matsbreytingar. Ef upplýsingar frá þriðja aðila, s.s. verð frá verðbréfamiðlara eða verðmatsþjónustu, er notað til að ákvarða gangvirði þá leggja starfsmenn fjármálasviðs mat á þau gögn sem aflað er frá þriðja aðila til að styðja við þá niðurstöðu að slíkt mat sé í samræmi við kröfur alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS), þ.m.t. það stig sem gangvirðismatið flokkast undir.

Mikilvæg matsatriði eru kynnt endurskoðunarnefnd félagsins.

Við ákvörðun gangvirðis eigna eða skulda notar fjármálasvið markaðsupplýsingar að svo miklu leyti sem hægt er. Gangvirðið er flokkað í mismunandi stig eftir stigskiptu kerfi á grundvelli þeirra upplýsinga sem notaðar eru í matsaðferðum sem hér segir:

- Stig 1: Skráð verð (óbreytt) á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.
- Stig 2: Önnur verð en skráð verð samkvæmt 1. stigi sem hægt er að greina fyrir viðkomandi eign eða skuld, ýmist beint (verð) eða óbeint (afleitt af verði).
- Stig 3: Verðgildi fyrir eign eða skuld sem ekki byggir á fánlegum markaðsupplýsingum (ófánleg gildi).

Ef þau gildi sem notuð eru við ákvörðun gangvirðis eignar eða skuldar flokkast í mismunandi stig í stigakerfinu er ákvörðun gangvirðis öll flokkuð í lægsta stig.

Félagið gerir tilfærslur á milli stiga í stigkerfinu í lok þess reikningstímabils sem breytingin átti sér stað.

Nánari upplýsingar um forsendurnar sem notaðar eru við ákvörðun gangvirðis er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring 14. Rekstrarfjármunir.
- Skýring 34. Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum.
- Skýringar 28-36. Áhættustýring.

4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Félagið hefur beitt reikningsskilaaðferðum sem lýst er í þessari skýringu með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum nema annað sé sérstaklega tekið fram.

a. Dótturfélög

Dótturfélög eru félög þar sem félagið fer með yfirráð. Félagið fer með yfirráð þegar það ber áhættu eða hefur ávinning af breytilegri arðsemi af hlutdeild sinni í félaginu og getur haft áhrif á arðsemina vegna yfirráða sinna. Dótturfélög eru færð í ársreikninginn með hlutdeildaraðferð og er eignarhluturinn upphaflega færður á kostnaðarverði. Sjá nánar í skýringu 4.b.

b. Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem félagið hefur veruleg áhrif á en ekki yfirráð yfir rekstrar- og fjárhagsstefnu félags. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar félagið ræður yfir 20-50% atkvæðisréttar í öðru félagi.

Hlutdeildarfélög eru færð í ársreikning félagsins með hlutdeildaraðferð og er eignarhluturinn upphaflega færður á kostnaðarverði að viðbættum viðskiptakostnaði.

Ársreikningur félagsins inniheldur hlutdeild í hagnaði eða tapi og annarri heildarafkomu hlutdeildarféлага, eftir að reikningsskilaaðferðir hlutdeildarfélagsins hafa verið samræmdar reikningsskilaaðferðum félagsins. Hlutdeildaraðferðinni er beitt frá því að áhrif verða veruleg og þar til þeim lýkur.

Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélagsins, að meðtöldum langtímafjárfestingum, er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir þessi félög eða innt af hendi greiðslur vegna þeirra.

c. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í starfrækslugjaldmiðil félagsins á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörssdegi. Gengismunur sem myndast vegna peningalegra eigna og skulda er sá mismunur sem myndast á milli afskrifaðs kostnaðarverðs í starfrækslugjaldmiðli í upphafi tímabilsins, að teknu tilliti til virkra vaxta og greiðslna á tímabilinu, og afskrifaðs kostnaðarverðs í erlendum gjaldmiðli miðað við gildandi gengi í lok reikningsársins. Efnislegar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur er færður meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi. Efnislegar eignir og skuldir sem metnar eru á grundvelli kostnaðarverðs í erlendri mynt eru færðar á því gengi sem í gildi var á viðskiptadegi.

d. Fjármálagerningar

(i) Fjáreignir aðrar en afleiðusamningar

Viðskiptakröfur og skuldir eru upphaflega færðar til bókar á þeim degi sem til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru upphaflega færðar á þeim degi sem félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

Fjáreign (nema að það sé viðskiptakrafa án verulegs fjármögnunarþáttar) eða fjárskuld er upphaflega færð á gangvirði að viðbættum, fyrir þær eignir sem ekki eru metnar á gangverði gegnum rekstrarreikning, þeim viðskiptakostnaði sem unnt er að tengja beint við öflun eða útgáfu fjármálagernings. Viðskiptakrafa án verulegs fjármögnunarþáttar er upphaflega metin á viðskiptaverði.

Félagið afskráir fjáreignir þegar samningsbundinn réttur þess til sjóðstreymis fjáreignanna rennur út eða ef félagið framselur rétt til sjóðstreymis af eigninni til annars aðila þar sem nær öll áhætta og ávinningur sem tengist eignarhaldinu yfirfærast eða án þess að yfirfæra því sem næst alla þá áhættu og ávinning sem í eignarhaldinu felst og hefur þar með ekki lengur yfirráð yfir fjáreigninni.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur félagsins til jöfnunar er til staðar og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða að innleysa eignina og gera upp skuldina á sama tíma.

Félagið flokkar fjáreignir aðrar en afleiðusamninga í eftirfarandi flokka: Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning og fjáreignir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Til fjáreigna á gangvirði gegnum rekstrarreikning teljast fjárfestingar í öðrum félögum. Allar aðrar fjáreignir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði.

(ii) Fjáreignir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði

Fjáreign er færð á afskrifuðu kostnaðarverði ef bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt og hún er ekki tilgreind á gangvirði gegnum rekstrarreikning:

- ef henni er haldið samkvæmt viðskiptamódeli þar sem markmiðið er að eiga eignina til að innheimta samningsbundið sjóðsflæði, og
- samningsskilmálar eignarinnar tiltaka sérstakar dagsetningar á sjóðsflæði sem einvörðungu inniheldur afborganir af höfuðstól og vaxtagreiðslur.

Þess háttar eignir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Afskrifað kostnaðarverð er lækkað um virðisrýrnun. Vaxtatekjur, gengishagnaður og -tap og virðisrýrnun eru færð í rekstrarreikning. Allur hagnaður og tap við afskráningu eru færður í rekstrarreikningi.

Fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði sem ekki eru afleiður eru handbært fé og ígildi handbærs fjár ásamt viðskipta- og öðrum skammtímakröfum.

Til handbærs fjár telst sjóður og óbundnar bankainnstæður sem eru til ráðstöfunar innan þriggja mánaða. Bankainnstæður sem eru háðar samningsbundnum skilyrðum þriðja aðila eru hluti af handbæru fé nema skilyrðin valdi því að bankainnstæðan uppfylli ekki lengur skilgreininguna á handbæru fé. Ef samningsbundin skilyrði á notkun handbærs fjár ná yfir lengra tímabil en 12 mánuði eftir lok reikningsskiladags er fjárhæðin flokkuð meðal langtímaeigna.

(iii) Fjárskuldir aðrar en afleiðusamningar

Lántökur eru færðar á þeim degi sem til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjárskuldir eru upphaflega færðar á þeim viðskiptadegi þegar félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

Félagið afskráir fjárskuld þegar samningsbundnum skyldum vegna skuldagerningsins er lokið, þær felldar niður eða falla úr gildi. Félagið afskráir einnig fjárskuld þegar samningsákvæðum hennar er breytt og sjóðsflæði hennar breytist verulega. Í slíkum tilvikum er ný skuld byggð á breyttum samningsskilmálum færð á gangvirði.

Félagið flokkar fjárskuldir aðrar en afleiðusamninga sem aðrar fjárskuldir. Slíkar skuldir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru þessar fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Til fjárskulda félagsins annarra en afleiðusamninga teljast lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

(iv) Afleiðusamningar

Afleiðusamningar eru upphaflega færðir á gangvirði. Beinn viðskiptakostnaður vegna þeirra er færður í rekstrarreikning eftir því sem hann fellur til. Eftir upphaflega skráningu eru afleiðusamningar (að meðtöldum innbyggðum afleiðum) færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda. Innleystar ál áhættuvarnir, sem er hluti af áhættuvörn, eru færðar í rekstrarreikning meðal tekna.

Aðskiljanlegar innbyggðar afleiður

Innbyggðar afleiður eru aðskildar frá grunnsamningum og færðar sérstaklega þegar efnahagsleg einkenni og áhætta grunnsamnings og innbyggðrar afleiðu eru ekki nátengd, annar gerningur með sömu ákvæði og innbyggða afleiðan væri skilgreindur sem afleiðusamningur og sameinaði gerningurinn er ekki metinn á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

HS Orka hefur gert langtímasamning um sölu á raforku sem felur í sér innbyggðar afleiður. Tekjur af þessum samningi tengjast beint breytingum á framtíðarverði áls. Breytingar á gangvirði innbyggðra afleiða teljast ekki til áhættuvarna og eru færðar beint í rekstrarreikning.

(v) Hlutfé

Almennir hlutir

Beinn kostnaður við útgáfu almennra hluta er færður til lækkunar á eigin fé að fráðregnum tekjuskattsáhrifum.

e. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði, að fráðregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað, launakostnað og annan beinan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun og eignfærðan fjármagnskostnað. Aðkeyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að starfrækja viðkomandi búnað er færður til eignar sem hluti af kostnaðarverði búnaðar.

4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

Virkjanir og fasteignir félagsins eru skráðar á endurmetnu kostnaðarverði í efnahagsreikningnum, sem er gangvirði eignanna á endurmatsdegi að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum. Endurmetið er með reglubundnum hætti. Allar hækkanir vegna endurmatsins eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskatti. Afskriftir endurmatsins eru færðar í rekstrarreikning og er árlega færð leiðrétting sem endurspeglar þá fjárhæð af endurmatsreikningi og á óráðstafað eigið fé. Þess er vænst að endurmat sé framkvæmt á þriggja til fjögurra ára fresti eða þegar markaðsaðstæður gefa vísbendingar um verulegar breytingar á virði. Endurmat var síðast framkvæmt á orkuverum félagsins í Svartsengi, Brú og á Reykjanesi 31. desember 2022.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar meðal rekstrarfjármuna.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er ákvarðað með því að bera saman söluverð og bókfært verð eignarinnar og er jafnað saman og fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna eða annars rekstrarkostnaðar. Þegar endurmetnar eignir eru seldar eru endurmatið flutt á óráðstafað eigið fé.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Reglulegar viðgerðir og viðhald er fært til gjalda þegar kostnaður fellur til.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar af kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði eignar að frádregnu niðurlagsverði. Verulegir einstakir hlutar einstakra eigna eru metnir og ef hlutinn hefur nýtingartíma sem er annar en eignin sjálf, þá er sá hluti afskrifaður sérstaklega.

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað.

Rekstrarfjármunir eru afskrifaðir frá þeim degi sem þeir eru uppsettir og tilbúnir til notkunar eða í tilviki eigna sem félagið byggir sjálft, frá þeim degi sem eignin er fullgerð og tilbúin til notkunar.

Áætlaður nýtingartími vegna ársins og samanburðarárs greinist þannig:

Orkuver	40-60 ár
Borholur	20 ár
Rafveitukerfi	50 ár
Hitaveitu- og ferskvatnskerfi	50 ár
Fasteignir	50 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	5-20 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum uppgjörssdegi og breytt ef það er viðeigandi.

4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

f. Óefnislegar eignir

(i) Rannsóknar- og þróunarkostnaður

Kostnaður vegna rannsókna sem gerðar eru í þeim tilgangi að kanna jarðhitasvæði þar sem óvissa ríkir um nýtingarmöguleika, og könnun annarra svæða sem henta til orkuvinnslu af öðrum uppruna, svo og til að afla nýrrar vísinda- eða tækniþekkingar er færður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað.

Þróun felur í sér könnun á jarðhitasvæðum og öðrum svæðum sem henta til orkuvinnslu af öðrum uppruna þar sem líkur eru á nýtingu og virkjun í framtíðinni. Þróunarkostnaður er aðeins eignfærður ef hægt er að meta hann á áreiðanlegan hátt, ef það eru líkur á tæknilegum eða hagrænum ábata í framtíðinni og félagið ætlar sér og hefur getu til að ljúka þróuninni og nýta eða selja eignina. Eignfærður kostnaður samanstendur af efniskostnaði, beinum launakostnaði og yfirstjórnarkostnaði sem hægt er að rekja beint til þess sem í þróun er og eignfærðum fjármagnskostnaði. Annar þróunarkostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

Þegar ákvörðun um virkjun eða nýtingu jarðhitasvæðis hefur verið tekin og öll tilskilin leyfi hafa fengist er undirbúningskostnaður vegna virkjunar eða nýtingarinnar færður á rekstrarfjármuni í byggingu.

Eignfærður þróunarkostnaður er metinn á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun. Þróunarkostnaður er árlega prófaður með tilliti til virðisrýrnunar.

(ii) Aðrar óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir sem félagið hefur keypt, þar með talinn hugbúnaður, sem hafa takmarkaðan nýtingartíma eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

(iii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

(iv) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar af kostnaðarverði eignarinnar að frádregnu niðurlagsverði.

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna frá þeim degi þegar þær eru tilbúnar til notkunar. Áætlaður nýtingartími ársins og samanburðarárs greinist þannig:

Hugbúnaður 5–10 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum uppgjörssdegi og breytt ef það er viðeigandi.

4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

g. Leigðar eignir

Við upphaf eða breytingu á samningi sem felur í sér leiguhluta úthlutar félagið endurgjaldinu á sérhvern leiguhluta á grundvelli sjálfstæðs verðs hvers hlutar fyrir sig. Fyrir leigusamninga um fasteignir hefur félagið hins vegar kosið að aðgreina ekki leiguhluta frá öðrum hlutum samningsins og færir þá sem einn leigusamning.

Félagið færir leigueign og leiguskuld við upphaf leigusamnings. Leigueignin er upphaflega færð á kostnaðarverði, sem er upphafleg fjárhæð leiguskuldarinnar að teknu tilliti til leigugreiðslna sem hafa fallið til fyrir eða á upphafsdegi samningsins, beins kostnaðar við öflun leigueignarinnar og áætlaðs kostnaðar við að taka niður og fjarlægja eignina, eða til þess að færa eignina eða umhverfi hennar í samt horf að loknum leigusamningi, og að fráðregnum leiguívilnunum sem félagið hefur fengið.

Leigueignin er afskrifuð línulega frá upphafi til loka leigusamningsins, nema þegar eignarhald flyst yfir til félagsins í lok leigutímabilsins eða ef kostnaðarverð leigueignarinnar endurspeglar að félagið muni nýta sér kauprétt í lok leigutímabilsins. Í þeim tilfellum er leigueignin afskrifuð á nýtingartíma eignarinnar, sem er ákvarðaður með sömu aðferð og notuð er fyrir aðra fastafjármuni félagsins. Jafnframt er virði leigueignar lækkað reglubundið um sem nemur virðisrýrnun hennar, ef einhver er, og leiðrétt vegna endurmats leiguskuldarinnar.

Leiguskuld er upphaflega færð við núvirði ógreiddra leigugreiðslna á upphafsdegi leigusamningsins. Greiðslurnar eru núvirtar með því að nota innbyggða vexti leigusamningsins, séu þeir tiltækir, en annars notar félagið þá vexti sem það fær af nýju lánsfé. Að jafnaði notar félagið vexti á nýju lánsfé til núvirðingar.

Félagið ákvarðar vexti af nýju lánsfé með því að líta til vaxtakjara annarra fjármögnunarleiða og gerir tilteknar aðlaganir á þeim til að endurspegla skilmála leigusamningsins og eiginleika eignarinnar sem er leigð.

Leigugreiðslur sem eru innfaldar í ákvörðun fjárhæðar leiguskuldar fela í sér eftirfarandi:

- Fastar greiðslur, þar með taldar leigugreiðslur sem eru samkvæmt eðli sínu fastar;
- Breytilegar leigugreiðslur tengdar vöxtum eða vísitölu, upphaflega áætlaðar miðað við vexti eða vísitölu á upphafsdegi;
- Fjárhæðir sem gert er ráð fyrir að þurfi að greiða samkvæmt hrakvirðisábyrgð; og
- Kaupverð samkvæmt kaupréttarákvæði í leigusamningi þegar félagið telur nokkuð víst að það muni nýta kaupréttinn, leigugreiðslur á valkvæðum framlengingartímabilum ef félagið er nokkuð visst um að það muni nýta framlengingarheimildir og greiðslur vegna uppsagnar leigusamnings fyrir lok leigutímans, nema félagið sé nokkuð visst um að nýta ekki uppsagnarheimildir.

Leiguskuldin er færð á afskrifuðu kostnaðarverði með því að nota aðferð virkra vaxta. Hún er endurmetin þegar breyting verður á framtíðarleigugreiðslum vegna breytinga á vísitölu eða vöxtum, ef breyting verður á mati félagsins á fjárhæð sem það væntir að verði greidd samkvæmt hrakvirðistryggingu, ef félagið breytir mati sínu á því hvort það muni nýta kaupréttarákvæði, heimildir til framlengingar eða uppsagnar leigusamnings eða þegar breyting verður á fjárhæð leigugreiðslu sem er í eðli sínu föst.

4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

Þegar leiguskuldin er endurmetin með þessum hætti er samsvarandi leiðrétting gerð á bókfærðu verði leigueignarinnar, eða leiðrétting færð í rekstrarreikning félagsins ef bókfært virði leigueignarinnar hefur verið fært niður í núll.

Leigueignir sem eru færðar meðal rekstrarfjármuna í efnahagsreikningi en leiguskuldir sem sér lína í efnahagsreikningi.

Skammtímaleigusamningar og leigusamningar um lágvirðiseignir

Félagið kýs að færa ekki leigueignir og leiguskuldir vegna leigusamninga um lágvirðiseignir og skammtímaleigusamninga, þar á meðal um tölvubúnað. Félagið gjaldfærir leigugreiðslur vegna þessara leigusamninga línulega á leigutíma.

h. Rekstrarvörubirgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á núverandi stað og ástand. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að klára og selja vöruna.

i. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir aðrar en afleiðusamningar

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna sem ekki eru færðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning, þar með töldum eignarhlutum í hlutdeildarfélögum. Fjáreign telst hafa orðið fyrir virðisrýrnun ef hlutlægar vísbendingar eru til staðar um virðisrýrnun vegna eins eða fleiri atburða eftir upphaflega skráningu eignarinnar, sem leiða til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af eigninni verði lægra en áður var talið og hægt er að meta áhrif atburðarins með áreiðanlegum hætti.

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna félagsins, að undanskildum birgðum, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin. Vegna óefnislegra eigna sem ekki hafa verið teknar í notkun er endurheimtanleg fjárhæð metin árlega á sama tíma.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært virði eignar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun endurmetinna rekstrarfjármuna er færð á endurmatsreikning meðal eigin fjár upp að þeirri fjárhæð sem hann stendur í en eftir það í rekstrarreikning. Virðisrýrnun annarra eigna er færð í rekstrarreikning.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar að frádregnum sölukostnaði eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki að bókfært verð eignar sé ekki umfram það sem verið hefði, að frádregnum afskriftum, ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

j. Hlunnindi starfsmanna

(i) Iðgjaldatengt lífeyriskerfi

Iðgjaldatengd lífeyriskerfi eru eftirlaunahlunnindi þar sem félagið greiðir föst framlög til lífeyrissjóða og ber hvorki lagalega né ætlaða skyldu til að greiða frekari framlög. Kostnaður vegna framlaga í iðgjaldatengd lífeyriskerfi er gjaldfærður sem launatengd gjöld í rekstrarreikningi á þeim tímabilum sem starfsmenn veita félaginu þjónustu. Fyrirframgreidd framlög eru færð til eignar að því marki sem endurgreiðsla eða lækun á framtíðargreiðslum er fyrir hendi.

(ii) Réttindatengt lífeyriskerfi

Skuldbinding félagsins vegna réttindatengdra lífeyriskerfa eða lífeyrissjóða er reiknuð sérstaklega fyrir hvert kerfi með því að áætla framtíðarvirði lífeyrisréttinda sem núverandi og fyrirverandi starfsmenn hafa áunnið sér á yfirstandandi og fyrri tímabilum. Réttindin eru afvöxtuð til að finna núvirði þeirra. Tryggingastærðfræðingar reikna skuldbindinguna árlega á grundvelli aðferðar sem miðast við áunnin réttindi. Breytingar á skuldbindingunni vegna tryggingafræðilegra breytinga eru færðar meðal annarrar heildarafkomu. Annar kostnaður vegna réttindatengdra lífeyriskerfa er færður í rekstrarreikning.

k. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar félaginu ber lagaleg eða ætluð skylda vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbinding er metin út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni. Bakfærsla núvirðingarinnar er færð sem fjármagnsgjöld.

l. Tekjur

Tekjur félagsins skiptast með eftirfarandi hætti

(i) Rafmagn

Tekjur af raforkusölu ásamt orkuflutningi eru færðar þegar yfirráð eru færð til viðskiptavinar og frammistöðuskuldbindingu er fullnægt, sem er þegar rafmagn er afhent. Afhending á rafmagni til viðskiptavinar telst sem ein frammistöðuskuldbinding. Tekjur af sölu á raforku ásamt orkuflutningi eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu. Á milli mælinga er notkun áætluð miðað við fyrri reynslu.

Greiðslufrestur er almennt 30 dagar.

(ii) Vatn (heitt og kalt)

Tekjur eru færðar þegar yfirráð eru færð til viðskiptavinar og frammistöðuskuldbindingu er fullnægt, sem er þegar vatnið er afhent. Afhending á vatni til viðskiptavinar telst sem ein frammistöðuskuldbinding. Tekjur af sölu á heitu vatni eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu. Á milli mælinga er notkun áætluð miðað við fyrri reynslu.

Greiðslufrestur er almennt 30 dagar.

4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

(iii) Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af sölu á þjónustu, leigutekjum, sala á gufu, sala á jarðsjó og önnur sala. Tekjur eru færðar þegar vörur eru afhentar eða þjónustan er innt af hendi og þegar frammistöðuskuldbindingu er fullnægt og yfirráð yfir vöru eða þjónustu er fært til viðskiptavinar.

Greiðslufrestur er almennt 30 dagar.

m. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðtekjum, gangvirðisbreytingum fjáreigna á gangvirði gegnum rekstrarreikning, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum og hagnaði af afleiðum sem er færður í rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem réttur félagsins til arðgreiðslu stofnast.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum, tapi af afleiðum sem fært er í rekstrarreikning, gangvirðisbreytingum fjáreigna á gangvirði gegnum rekstrarreikning og virðisrýrnun annarra fjáreigna en viðskiptakrafna. Lántökukostnaður sem ekki er eignfærður vegna kaupa eða bygginga hæfra eigna er gjaldfærður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaði eða tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman og fært annað hvort sem fjármunatekjur eða fjármagnsgjöld eftir því sem við á.

n. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur til greiðslu og frestaður tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé í yfirliti um heildarafkomu.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður með efnahagsskuldbindingaraðferðinni vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstegi. Skatteign og tekjuskattsskuldbindingu er jafnað saman ef til staðar er lagaleg heimild til að jafna tekjuskatt til greiðslu á móti skatteign og þær heyra undir sömu skattyfirvöld.

Skatteign er færð vegna yfirfæranlegs skattalegs taps, skattaívilnana og frádráttarbærra tímabundinna mismuna að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteignin er metin á hverjum uppgjörstegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að nýtist ekki.

4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

o. Nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar sem eru í gildi fyrir árið

Eftirfarandi nýir og breyttir staðlar og túlkunar gilda um fjárhagsár sem hefjast 1. janúar 2024 eða síðar og ekki er búist við það hafi veruleg áhrif á reikningsskilin.

- Langtímaskuldir með fjárhagsskilyrðum (breytingar á IAS 1).
- Flokkun skulda sem skammtíma- og langtímaskuldir (breytingar á IAS 1).
- Leiguskuldbindingar í samningum um sölu og endurleigu (Breytingar á IFRS 16, leigusamningar).
- Samningar um birgjafjármögnun (breytingar á IAS 7 og IFRS 7).

p. Nýir og endurskoðaðir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar sem hafa verið gefnir út en hafa ekki enn tekið gildi

Nokkrir nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar gilda um fjárhagsár sem hefjast eftir 1. janúar 2024 og heimilt er að beita fyrir gildistöku þeirra. Félagið hefur þó ekki innleitt nýja eða breytta reikningsskilastaðla fyrir gildistíma við gerð þessara reikningsskila.

IFRS 18 kemur í stað IAS-staðals 1, framsetning reikningsskila, og gildir um árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2027 eða síðar. Nýi staðallinn yfirfærir margar af kröfunum í IAS-staðli 1 óbreyttar og bætir nýjum kröfum við þær.

Félagið er enn að meta áhrif nýja staðalsins IFRS 18, einkum að því er varðar rekstrarreikning félagsins, sjóðstreymisfirlitið og viðbótarupplýsingar stjórnendaupplýsingar.

Ekki er búist við að eftirfarandi breytingar á stöðlum og túlkunum muni hafa veruleg áhrif á reikningsskilin.

- Skortur á skiptanleika gjaldmiðla (breytingar á IAS 21)
- Flokkun og mat fjármálagerna (breytingar á IFRS 9 og IFRS 7)
- Árlegar endurbætur á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) (11. bindi)
- IFRS-staðall 19, dótturfélög án ábyrgðarskyldu gagnvart almenningi: Upplýsingagjöf
- Sala eða tilfærsla á eignum milli fjárfestis og hlutdeildarfélags eða sameiginlegum eignum (breytingar á IFRS 10 og IAS 28)

5. Tekjuskipting

Tekjur félagsins skiptast með eftirfarandi hætti:

	2024	2023
Stórnotendur ¹	3.574.986	3.149.997
Raforka aðrir	8.208.033	6.256.837
Vatn (heitt og kalt)	1.186.022	1.118.772
Annað	1.438.504	2.246.981
Tekjur af samningum við viðskiptavinum	14.407.544	12.772.587
Tryggingabætur	60.898	166.976
Annað	123.927	190.446
Innleystar ál áhættuvarnir	0	114.663
	14.592.368	13.244.673

¹ Skilgreiningin á stórnotenda er notandi sem notar innan þriggja ára, á einum stað, a.m.k. 80 GWst á ári í samræmi við skilgreiningu raforkulaga nr. 65/2003.

6. Framleiðslukostnaður, kostnaðarverð sölu og þjónustu

	2024	2023
Framleiðslukostnaður	5.883.938	5.298.548
Kostnaðarverð sölu	4.548.775	3.458.632
	10.432.713	8.757.180

Framleiðslukostnaður og kostnaðarverð sölu greinist þannig eftir eðli kostnaðar:

	2024	2023
Laun og launatengd gjöld	1.320.050	1.165.220
Afskriftir	2.996.546	2.872.971
Orkukaup	3.817.351	2.545.672
Orkuflutningur	779.998	655.013
Viðhald og annar kostnaður	1.518.768	1.518.303
	10.432.713	8.757.180

7. Annar rekstrarkostnaður

	2024	2023
Laun og launatengd gjöld	711.193	681.334
Hækkun lífeyrisskuldbindingar	56.027	58.208
Stjórnunarkostnaður	739.861	534.010
Afskriftir	90.871	62.920
	1.597.951	1.336.472

8. Rannsóknar- og þróunarkostnaður

	2024	2023
Laun og launatengd gjöld	57.826	34.207
Rannsóknar- og þróunarverkefni	19.700	16.172
Afskriftir	5.382	3.070
	82.908	53.449

9. Laun og launatengd gjöld

	2024	2023
Laun	1.790.296	1.654.311
Framlag í iðgjaldatengda lífeyrissjóði	239.301	215.923
Hækkun lífeyrisskuldbindingar, sjá nánar í skýringu 24	157.101	301.184
Önnur launatengd gjöld	234.119	205.594
	<u>2.420.817</u>	<u>2.377.012</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf	92	89

Laun og launatengd gjöld, að meðtalinni hækkun lífeyrisskuldbindingar, skiptast þannig:

	2024	2023
Eignfært á framkvæmdir	174.647	195.067
Framleiðslukostnaður og kostnaðarverð sölu	1.320.050	1.165.220
Rannsóknar- og þróunarkostnaður	57.826	34.207
Annar rekstrarkostnaður	767.220	739.542
Fært meðal annarrar heildarafkomu	101.075	242.976
	<u>2.420.817</u>	<u>2.377.012</u>

Laun til stjórnar og framkvæmdastjórnar námu 103 millj. kr. 2024 (2023: 98 millj. kr.).

10. Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda félagsins á árinu 2024 nam 23,3 millj. kr. (2023: 25,8 millj. kr.) þar af 19,9 millj. kr. (2023: 19,9 millj. kr.) vegna endurskoðunar ársreiknings. Önnur þjónusta sem keypt var af KPMG nam 3,5 millj. kr. á árinu 2024 (2023: 5,8 millj. kr.).

11. Afskriftir og virðisrýrnun

Afskriftir og virðisrýrnun greinast þannig:

	2024	2023
Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 14	3.071.642	2.924.548
Afskriftir óefnislegra eigna, sbr. skýringu 16	21.158	14.413
	<u>3.092.799</u>	<u>2.938.962</u>
Afskriftir skiptast þannig:		
Framleiðslukostnaður og kostnaðarverð sölu	2.996.546	2.872.971
Annar rekstrarkostnaður	90.871	62.920
Rannsóknar- og þróunarkostnaður	5.382	3.070
	<u>3.092.799</u>	<u>2.938.962</u>

12. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Fjármunatekjur:

	2024	2023
Vaxtatekjur af handbæru fé, lánum og viðskiptakröfum	467.795	413.294
	<u>467.795</u>	<u>413.294</u>

Fjármagnsgjöld:

Vaxtagjöld	(2.791.318)	(1.993.420)
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum	(55.757)	(54.515)
	<u>(2.847.075)</u>	<u>(2.047.935)</u>
Gengismunur	(70.066)	1.019.474
Breytingar á gangvirði innbyggðra afleiðna	(41.713)	(158.949)
Gangvirðisbreytingar annarra afleiðna	(501.646)	(527.650)
	<u>(613.425)</u>	<u>332.874</u>
Hrein fjármagnsgjöld	<u>(2.992.705)</u>	<u>(1.301.767)</u>
Eignfærðir vextir námu 8,57% (2023: 6,88%)	537.707	179.382

13. Tekjuskattur

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	2024	2023
Uppruni og bakfærsla tímabundins mismunar.....	192.647	47.735
Skattur til greiðslu.....	0	(326.685)
	<u>192.647</u>	<u>(278.950)</u>

Virkt skatthlutfall greinist þannig:

(Tap) hagnaður ársins.....	(419.328)	1.504.870
Tekjuskattur.....	(192.647)	278.950
Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt.....	<u>(611.975)</u>	<u>1.783.819</u>

	2024		2023	
Tekjuskattur skv. gildandi skatthlutfalli	128.515	21,0%	(356.764)	20,0%
Áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага	(20.594)	(3,4%)	(2.397)	0,1%
Ófrádráttarbær kostnaður	(4)	(0,0%)	(4)	0,0%
Skattalegt fyrningarálag á				
grænar eignir	84.731	13,8%	80.215	(4,5%)
Virkt tekjuskattshlutfall	<u>192.647</u>	31,5%	<u>(278.950)</u>	15,6%

	2024	2023
Tekjuskattur færður meðal annarrar heildarafkomu greinist þannig:		
Tekjuskattur af liðum sem aldrei verða endurflokkaðir í rekstrarreikning	(21.226)	(48.595)
Tekjuskattur færður meðal annarrar heildarafkomu	<u>(21.226)</u>	<u>(48.595)</u>

14. Rekstrarfjármunir

Endurmat rekstrarfjármuna

Gangvirði orkuvera í Svartsengi og á Reykjanesi var endurmetið þann 31. desember 2022. Endurmatið nam 4.000 millj. kr. fyrir Svartsengi, endurmat fyrir Reykjanes var neikvætt og ekkert endurmat var fært fyrir Brú. Í árslok 2024 lét félagið framkvæma mat á endurheimtanlegri fjárhæð orkuveranna. Það leiddi í ljós að ekki væri þörf á virðisrýrnun í árslok 2024.

	Orkuver	Aðrir rekstrar- fjármunir	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða 1. janúar 2023	54.285.741	2.195.657	56.481.398
Viðbætur á árinu	2.364.856	171.446	2.536.302
Selt og aflagt	0	(21.541)	(21.541)
Leigueignir	73.961	0	73.961
Staða 31. desember 2023	56.724.558	2.345.562	59.070.120
Viðbætur á árinu	3.094.964	294.834	3.389.797
Selt og aflagt	0	(57.084)	(57.084)
Leigueignir	240.374	299.397	539.771
Staða 31. desember 2024	60.059.895	2.882.709	62.942.605
Afskriftir			
Staða 1. janúar 2023	0	447.841	447.841
Afskriftir ársins	2.832.529	92.019	2.924.548
Selt og aflagt	0	(19.179)	(19.179)
Staða 31. desember 2023	2.832.529	520.682	3.353.211
Afskriftir ársins	2.953.736	117.906	3.071.642
Selt og aflagt	0	(34.663)	(34.663)
Staða 31. desember 2024	5.786.265	603.924	6.390.190
Bókfært verð			
Bókfært verð 1. janúar 2023	54.285.741	1.747.816	56.033.557
Bókfært verð 31. desember 2023	53.892.028	1.824.880	55.716.909
Bókfært verð 31. desember 2024	54.273.630	2.278.785	56.552.415

14. Rekstrarfjármunir, frh.

Bókfært verð án endurmats

1. janúar 2023	42.116.783	1.693.163	43.809.946
31. desember 2023	42.517.603	1.772.385	44.289.989
31. desember 2024	44.050.749	1.957.123	46.007.872
Afskriftarhlutföll	2-5%	5-20%	

Undir öðrum rekstrarfjármunum eru land og byggingar að bókfærðu virði 1.213 millj. kr. (2023: 1.224 millj. kr.).

Fasteignamat og váttryggingarverð

Fasteignamat bygginga félagsins nam 4.717 millj. kr. í árslok 2024 (2023: 4.371 millj. kr.) og fasteignamat lands nam 3.182 millj. kr. (2023: 2.953 millj. kr.). Váttryggingafjárhæð eigna félagsins nam 72.861 millj. kr. (2023: 74.366 millj. kr.).

Veðsetning eigna

Í tengslum við endurfjármögnun félagsins á árinu 2024 voru allar fasteignir félagsins leystar úr veðböndum, fyrir utan veðbönd á óskiptu landi Járngerðarstaða, Grindavík. Hlutabréf í félaginu hafa verið veðsett ásamt réttindum og vöxtum af bankareikningum félagsins. Víkjandi kröfur félagsins á samstæðufélögin Vesturverk og Íslensk Orkuvirkjun Seyðisfirði ehf. hafa einnig verið veðsettar, sjá nánar í skýringu 38, Tengdir aðilar.

15. Rekstrarfjármunir í byggingu

Rekstrarfjármunir í byggingu greinast þannig:

Bókfært verð 1. janúar 2023	1.561.953
Viðbætur á árinu	2.443.441
Bókfært verð 31. desember 2023	4.005.394
Viðbætur á árinu	6.034.738
Bókfært verð 31. desember 2024	10.040.132

Rekstrarfjármunir í byggingu í árslok 2024 eru að mestu eignfærður kostnaður vegna stækkunar á orkuverinu í Svartsengi (SVA7).

Eftir að öll tilskilin leyfi voru veitt var fyrsta skóflustungan tekin í desember 2022. Stækkun og endurnýjun Svartsengisvirkjunar um 22 MW gerir félaginu kleift að taka eldri og óhagkvæmari orkuver 3 og 4 úr notkun og reisa nýtt og hagkvæmara orkuver. Fyrsti áfangi SVA7-verkefnisins hefur verið í þróun síðan 2018. Hann krefst ekki sérstakrar borunar en stuðlar að hagkvæmari nýtingu auðlinda í Svartsengi til framtíðar.

16. Óefnislegar eignir

	Hugbúnaður	Þróunar- kostnaður	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða 1. janúar 2023	398.113	1.562.355	1.960.468
Viðbætur á árinu	45.858	11.155	57.013
Staða 31. desember 2023	443.971	1.573.509	2.017.480
Viðbætur á árinu	159.150	138.376	297.526
Staða 31. desember 2024	603.121	1.711.885	2.315.006
Afskriftir			
Staða 1. janúar 2023	333.460	146.241	479.701
Afskriftir ársins	14.413	0	14.413
Staða 31. desember 2023	347.873	146.241	494.114
Afskriftir ársins	21.158		21.158
Staða 31. desember 2024	369.030	146.241	515.271
Bókfært verð			
Bókfært verð 31. desember 2023	96.099	1.427.268	1.523.367
Bókfært verð 31. desember 2024	234.091	1.565.644	1.799.735
Afskriftarhlutföll	10-25%		

Þróunarkostnaður samanstendur af kostnaði vegna tilraunaborana við Trölladyngju, Krýsuvík og Eldvörp. Viðeigandi kostnaður er eignfærður að því marki sem talið er að mögulegur framtíðarhagnaður muni vega upp kostnaðinn við fjárfestinguna. HS Orka hf. hefur fengið rannsóknarleyfi fyrir þessi svæði og samkvæmt stjórnendum eru niðurstöður greininga jákvæðar. Ef ljóst þykir að þróunarkostnaður verði ekki nýttur af félaginu til tekjusköpunar gjaldfærist hann sem virðisrýrnun. Stjórnendur hafa staðfest að framangreind verkefni eru framkvæmanleg og að þau muni að öllum líkindum skapa framtíðartekjur.

Trölladyngja

Á árinu 2022 samþykkti Alþingi Rammaáætlun III, sem flokkar núverandi virkjanakosti vatnsafls og jarðvarma í þrjá flokka: verndarflokk, biðflokk og nýtingarflokk. Trölladyngjusvæðið er flokkað í biðflokk sem þýðir að frekari upplýsinga, rannsókna og gagna er óskað. Bókfært virði framkvæmda við Trölladyngju í árslok 2024 var 683 millj. kr. (árslok 2023: 683 millj. kr.).

17. Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélagum

Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélagum eru sem hér segir:

Hlutir í dóttur- og hlutdeildarfélagum	Eignarhlutur	Bókfært verð		Bókfært verð
		31.12.2024	Eignarhlutur	31.12.2023
DMM lausnir ehf.	27,20%	16.844	27,20%	12.659
Suðurorka ehf.	50,00%	0	50,00%	0
Afl og Orka ehf.	33,33%	33.092	0,00%	0
VesturVerk ehf.	80,49%	550.162	80,49%	586.796
HS Orkurannsóknir ehf.	100,00%	500	100,00%	500
Íslensk Orkuvirkjun Seyðisfirði ehf.	100,00%	3.521.690	100,00%	3.580.398
		4.122.288		4.180.353

17. Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum, frh.

	2024	2023
Staða í upphafi árs	4.180.353	600.762
Hlutdeild í tapi	(98.065)	(11.985)
	<u>(98.065)</u>	<u>(11.985)</u>
Keypt á árinu	40.000	3.591.576
Staða í árslok	<u>4.122.288</u>	<u>4.180.353</u>

Í eftirfarandi töflu eru teknar saman fjárhagsupplýsingar VesturVerks úr ársreikningi félagsins, aðlagðar að gangvirðisbreytingum við yfirtöku:

	2024	2023
Tekjur	2.663	2.505
Hagnaður eða tap og önnur heildarafkoma	(1.879)	(1.860)
Fastafjármunir	1.084.456	940.592
Veltufjármunir	25.752	9.957
Langtímaskuldir	(38.286)	(50.139)
Skammtímaskuldir	(388.405)	(171.374)
Hrein eign	683.516	729.036
Hlutur HS Orku 80,49%	550.162	586.795
Hlutdeild í tapi ársins	(36.634)	(1.498)

Í eftirfarandi töflu eru teknar saman fjárhagsupplýsingar Íslenskrar orkuvirkjunar Seyðisfirði úr ársreikningi félagsins, aðlagðar að gangvirðisbreytingum við yfirtöku:

	2024	2023
Tekjur	338	373
Hagnaður eða tap og önnur heildarafkoma	12	944
Fastafjármunir	6.489.187	6.319.618
Veltufjármunir	182.132	79.736
Langtímaskuldir	(3.154.592)	(2.766.836)
Skammtímaskuldir	(36.837)	(52.120)
Hrein eign	3.479.890	3.580.398
Hlutur HS Orku 100%	3.479.890	3.580.398
Hlutdeild í tapi ársins	(100.308)	(11.178)

18. Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur	Bókfært verð 31.12.2024	Eignarhlutur	Bókfært verð 31.12.2023
Íslensk nýorka ehf.	8,55%	15.575	8,55%	15.575
Ölfus Cluster þekkingarsetur ses.		1.000		1.000
		<u>16.575</u>		<u>16.575</u>

19. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

	2024	2023
Viðskiptakröfur	2.714.696	1.595.979
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(39.852)	(31.767)
Viðskiptakröfur samtals	<u>2.674.844</u>	<u>1.564.212</u>
Aðrar skammtímakröfur	39.243	164.182
Kröfur á dótturfélag	382.414	168.093
	<u>3.096.301</u>	<u>1.896.487</u>

20. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:

	2024	2023
Óbundnar bankainnistæður	1.288.804	5.241.740
	<u>1.288.804</u>	<u>5.241.740</u>

Greint er frá vaxtaáhættu félagsins og næmnigreiningu vegna fjáreigna og fjárskulda í skýringu 32.

21. Eigið fé

Útgefið hlutafé félagsins samkvæmt samþykktum félagsins er 6.788.820 kr. (2023: 6.788.820 kr.). Eitt atkvæði fylgir hverjum 1 kr. hlut í félaginu auk arðgreiðsluréttar. Allt útgefið hlutafé hefur verið greitt að fullu.

Yfirverðsreikningur hlutafjár og lögbundinn varasjóður

Yfirverðsreikningur hlutafjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutafjár sem félagið hefur selt. Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð.

Endurmatsreikningur

Endurmatsreikningur samanstendur af endurmati rekstrarfjármuna félagsins að frádregnum tekjuskatti. Óheimilt er að ráðstafa endurmatsreikningi til hluthafa félagsins í formi arðgreiðslna.

Arður

Enginn arður var greiddur til hluthafa á árinu 2024 (2023: Engar arðgreiðslur). Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2025.

22. Vaxtaberandi skuldir

Þessi skýring veitir upplýsingar um lánssamninga félagsins, sem færðir eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Í skýringum 30, 32 og 33 eru nánari upplýsingar um lausafjáráhættu, vaxtaáhættu og gjaldmiðlaáhættu.

	2024	2023
Heildar vaxtaberandi skuldir 1. janúar	29.279.401	25.909.242
Ný langtímalán	25.048.802	4.486.490
Eignfærður lántökukostnaður	(1.680.548)	(173.497)
Afborganir langtímalána	(20.958.950)	(15.375)
Fjármögnunarhreyfingar	2.409.304	4.297.619
Gengismunur	974	(1.128.710)
Áfallnir vextir langtímalána	396.062	201.250
Aðrar breytingar	397.036	(927.460)
Heildar vaxtaberandi skuldir 31. desember	32.085.741	29.279.401
	31.12.2024	31.12.2023
Veðtryggð bankalán	32.085.741	29.279.401
Heildar vaxtaberandi skuldir	32.085.741	29.279.401
Næsta árs afborganir langtímaskulda	15.375	15.375
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	15.375	15.375
Vaxtaberandi langtímaskuldir	32.070.366	29.264.027

22. Vaxtaberandi skuldir, frh.

		31.12.2024		31.12.2023	
Lán í erlendum gjaldmiðlum:	Lokagjalddagar	Vegnir	Bókfært verð	Vegnir	Bókfært verð
		meðalvextir		meðalvextir	
Lán í USD.....	2029	8,65%	14.482.706	7,23%	29.156.405
Lán í USD.....	2032	7,66%	7.490.636		0
Lán í evrum.....	2029	7,67%	10.004.777		0
			<u>31.978.119</u>		<u>29.156.405</u>
Lán í íslenskum krónum	2031	9,26%	107.622	8,31%	122.996
			<u>107.622</u>		<u>122.996</u>
Vaxtaberandi skuldir samtals.....			<u>32.085.741</u>		<u>29.279.401</u>

Afborganir langtímaskulda greinast þannig næstu ár:	2024	2023
Árið 2024	0	15.375
Árið 2025	15.375	29.171.779
Árið 2026	15.375	15.375
Árið 2027	15.375	15.375
Árið 2028	15.375	15.375
Árið 2029	24.502.858	15.375
Síðar	7.521.385	30.749
	<u>32.085.741</u>	<u>29.279.401</u>

Í júlí 2024 tryggði HS Orka sér nýja fjármögnun frá hópi innlendra og alþjóðlegra banka sem jafngilti um 30 milljörðum íslenskra króna og samanstóð af lánum sem námu alls 95 milljónum Bandaríkjadala, 75 milljónum evra og 8,5 milljörðum íslenskra króna (evrur og Bandaríkjadalar sem valmynt), þar af 4,25 milljarða króna ádráttarlán. Ádrættir á ádráttarlánið verða færðir meðal langtímaskulda í efnahagsreikningi þar sem félagið hefur einhliða heimild til að framlengja lánstíma fram að lokagjalddaga. Lánin eru til 5 ára. Lánin í Bandaríkjadöllum og evrum voru ádregin að fullu í árslok 2024 en óádregin fjárhæð á lánin í íslenskum krónum var u.þ.b. 6,6 milljarðar. Þá var einnig gefið út skuldabréf (e. USPP) að fjárhæð 55 milljónir Bandaríkjadala til 8 ára. Fjármögnunin lítur fjárhagslegum skilmálum um skuldsetningu og vaxtaþekju.

Fjármögnunin hefur verið notuð til uppgreiðslu eldri lána og til að standa straum af fjárfestingum, til dæmis vegna orkuversins í Svartsengi (SVA7). Fjármögnunin felur að hluta til í sér markmið um sjálfbærni og var að hluta til gerð samkvæmt grænum fjármögnunarramma HS Orku, sem Cicero gaf dökkgræna einkunn.

23. Víkjandi hluthafalán

Víkjandi hluthafalán til 7 ára sem nam 38 milljónum dollara var veitt HS Orku í nóvember 2022. Hluthafalánið er án trygginga og ber fasta vexti upp á 10,9% á ári. Vextir eru færðir á höfuðstól þar til höfuðstóll og vextir eru greiddir á lokagjaldsdaga. Í júlí 2024 var hluthafalánið framlengt um u.þ.b. 5 ár eða til ágúst 2034.

	2024	2023
Víkjandi hluthafalán samtals 1. janúar	5.807.517	5.462.890
Gengismunur	86.962	(228.283)
Áfallnir vextir langtímalána	640.632	572.910
Aðrar breytingar	727.594	344.627
Víkjandi hluthafalán samtals 31. desember	6.535.111	5.807.517

24. Lífeyrisskuldbinding

	2024	2023
Lífeyrisskuldbinding 1. janúar	3.070.000	2.931.000
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna á árinu	(167.104)	(162.184)
Þjónustukostnaður	0	3.037
Vaxtakostnaður	56.029	55.171
Tryggingafræðileg breyting, fært á aðra heildarafkomu	101.075	242.976
Lífeyrisskuldbinding 31. desember	3.060.000	3.070.000

Lífeyrisskuldbindingin greinist þannig:

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	1.594.989	1.594.597
Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar	807.004	822.141
Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar	658.007	653.261
	3.060.000	3.070.000

Samkvæmt mati tryggingastærðfræðinga og Lífeyrissjóðnum Brú námu áfallnar lífeyrisskuldbindingar félagsins 3.060 millj. kr. í árslok 2024 (2023: 3.070 millj. kr.), núvirt miðað við 2% vexti og að teknu tilliti til hlutdeildar í hreinni eign lífeyrissjóðanna. Forsendur um lífslíkur, dánartíðni og núvirðingarhlutfall eru í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Lækkun skuldbindingarinnar á árinu skýrist af því að lífeyrissjóðsgreiðslur voru hærri en almennar launahækkningar, breytingar á áunnum réttindum sjóðsfélaga og áhrifum vaxta á núvirðisútreikninga.

25. Tekjuskattsskuldbinding

Breyting tekjuskattsskuldbindingar félagsins greinist þannig:	2024	2023
Tekjuskattsskuldbinding í upphafi árs	3.142.034	3.244.890
Breytingar færðar í rekstrarreikning	(192.647)	278.950
Breytingar færðar í aðra heildarafkomu	(21.226)	(48.595)
Skattur til greiðslu	0	(326.685)
Breytingar vegna samsköttunar	0	(6.525)
Aðrar breytingar	206.128	0
Staða í árslok	3.134.290	3.142.034

Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	3.953.593	3.988.169
Rekstrarvörubirgðir	(8.570)	(9.066)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	23.125	9.606
Lífeyrisskuldbinding	(612.000)	(614.000)
Afleiður	(52.328)	56.344
Leiguskuldbinding	(127.901)	(100.617)
Frestun gengismunar	58.622	(188.401)
Yfirfært skattalegt tap	(100.251)	0
	3.134.290	3.142.034

Félagið er samskattað með móðurfélögunum HS Orka Holding hf., HSO 1 ehf. og HSO 2 ehf.

26. Leigusamningar

Félagið hefur gert leigusamninga um virkjun, rekstrarfjármuni og lönd. Þessir leigusamningar eru á bilinu 2 til 60 ára langir.

Leigueignir

Leigueignir eru færðar meðal rekstrarfjármuna, sjá nánar í skýringu 14, Rekstrarfjármunir.

Leiguskuldbinding

2024

	Orkuver	Fasteignir og lóðir	Samtals
Leiguskuldbinding 1. janúar	359.445	143.642	503.087
Viðbætur	211.968	277.142	489.110
Viðbætur vegna hækkana á breytilegum leigugreiðslum	28.406	20.937	49.343
Greiðslur	(405.639)	(52.155)	(457.794)
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum	17.788	37.969	55.757
Leiguskuldbinding 31. desember	211.968	427.535	639.504
Skammtímahluti	211.968	33.971	245.940
Langtímahluti	0	393.564	393.564
	211.968	427.535	639.504

26. Leiguskuldbinding, frh.

2023

	Orkuver	Fasteignir og lóðir	Samtals
Leiguskuldbinding 1. janúar	630.562	140.413	770.974
Viðbætur	0	3.696	3.696
Viðbætur vegna hækkana á breytilegum leigugreiðslum	59.331	14.630	73.961
Greiðslur	(375.930)	(24.130)	(400.060)
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum	45.483	9.032	54.515
Leiguskuldbinding 31. desember	359.445	143.642	503.087
Skammtímahluti	359.445	17.218	376.663
Langtímahluti	0	126.424	126.424
	359.445	143.642	503.087

Sundurliðun á samningsbundnum greiðslum á gjalddaga vegna leiguskuldbindinga er í skýringu 30, Lausafjánhætta.

Allir leigusamningar félagsins innihalda skilmála um breytilegar leigugreiðslur. Heildarsjóðsflæði leigugreiðslna er eftirfarandi:

	2024	2023
Greiðslur vegna leigusamninga tengdum vísitölu neysluverðs	454.315	396.819
Greiðslur annarra leigusamninga með breytilegum greiðslum	3.478	3.241
	457.794	400.060

Fjárhæðir færðar í rekstrarreikning:

	2024	2023
Afskriftir leigueigna	387.691	339.354
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum	55.757	54.515
	443.448	393.869

27. Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Viðskiptaskuldir	1.923.201	1.494.918
Viðskiptaskuldir vegna rekstrarfjármuna í byggingu	682.204	113.164
Aðrar skammtímaskuldir	439.461	307.773
	3.044.867	1.915.855

Greint er frá gjaldmiðla- og lausafjánhættu vegna viðskiptaskulda og annarra skammtímaskulda í skýringum 30 og 33.

28. Áhættustýring

Yfirlit

Þær fjárhagslegu áhættur sem félagið býr við eru lánsáhætta, lausafjárahætta og markaðsáhætta. Markaðsáhætta samanstendur af vaxtaáhættu, gjaldmiðlaáhættu og álverðsáhættu.

Í þessari skýringu eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og draga úr áhættu, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu þess. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víðar í ársreikningnum.

Skipulag áhættustýringar

Áhættustýring er í höndum stjórnenda félagsins, í samræmi við reglur sem stjórn félagsins samþykkir. Stjórnendur greina, meta og stýra áhættu í náinni samvinnu við stjórn félagsins. Áhættustýring félagsins leggur áherslu á að takast á við ófyrirsjáanleika fjármálamarkaða og leitast við að lágmarka möguleg óhagstæð áhrif á afkomu félagsins. Félagið tekur ákvarðanir um hvort nota eigi afleiðusamninga til að verjast vissri tegund áhættu ef slíkir samningar bjóðast.

29. Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi ef viðskiptavinur eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar.

Mótaðilaáhætta félagsins er aðallega vegna viðskiptavina í gegnum raforkusölusamninga, gagnaðila í afleiðusamningum sem gerðir eru í áhættuvarnarskyni og gagnaðilum sem geyma handbært fé félagsins.

Félagið hefur sett reglur þar sem allir nýir stórir viðskiptavinir eru metnir.

29. Mótaðilaáhætta, frh.

Flestir viðskiptavinir félagsins hafa átt í áralöngum viðskiptum við það og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar sem hlutfall af veltu. Við stýringu mótaðilaáhattu vegna viðskiptavina er meðal annars horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptavina. Tölulegar upplýsingar um viðskiptakröfur eru skoðaðar reglulega. Viðskiptavinir sem ekki standa í skilum geta ekki átt frekari viðskipti við félagið nema greiða niður skuldir sínar eða ef samið er sérstaklega um annað.

Félagið færir niðurfærslu vegna virðisrýrnunar sem endurspeglar vænt tap af viðskiptakröfum og öðrum skammtímakröfum. Stærstur hluti niðurfærslunnar er sérstök tapsáhætta tengd einstökum stærri stöðum og einnig er almenn niðurfærsla færð fyrir félög sem eru með sambærilegar kröfur vegna taps sem hefur orðið en er ekki enn greinanlegt. Almenna niðurfærslan er byggð á sögulegum gögnum hvað varðar innheimtu sambærilegra krafna. Viðskiptakrafa er afskrifuð þegar ljóst er að hún verður ekki innheimt sem er yfirleitt við beiðni um gjaldprotaskipti mótaðila. Félagið hefur þá stefnu að geyma bankainnistæður eingöngu hjá traustum fjármálastofnunum með farsæla rekstrarsögu.

Mögulegt tap vegna mótaðilaáhattu

Hámarks mótaðilaáhætta félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra sem var eftirfarandi í árslok.

Mesta mögulega tap vegna mótaðilaáhattu var eftirfarandi í árslok:

	31.12.2024	31.12.2023
Viðskiptakröfur	2.674.644	1.564.212
Aðrar skammtímakröfur	421.657	332.275
Handbært fé	1.288.804	5.241.740
	<u>4.385.105</u>	<u>7.138.227</u>

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla

	31.12.2024		31.12.2023	
	Niðurfærsla		Niðurfærsla	
	Brúttó staða		Brúttó staða	
Ógjaldfallnar kröfur	2.414.062	12.132	1.536.869	12.774
Gjaldfallnar 0 - 30 dagar	194.353	1.944	51.788	17.892
Gjaldfallnar 31 - 60 dagar	53.576	2.679	6.332	317
Gjaldfallnar 61 - 90 dagar	260	130	266	133
Gjaldfallnar eldri en 90 daga	52.445	22.968	724	652
	<u>2.714.696</u>	<u>39.852</u>	<u>1.595.979</u>	<u>31.767</u>
			2024	2023
Niðurfærsla 1. janúar			31.767	31.767
Breytingar á árinu			8.310	(1.851)
Afskrifaðar viðskiptakröfur færðar út			(225)	1.851
Niðurfærsla 31. desember			<u>39.852</u>	<u>31.767</u>

Félagið metur ekki mótaðilaáhattu í öðrum kröfum en viðskiptakröfum.

30. Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Félagið stýrir lausafé á þann hátt að tryggt sé, eins og hægt er, að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla, hvort sem er undir venjulegum og óvenjulegum kringumstæðum, án þess að verða fyrir óásættanlegu tapi og forðast að skaða orðspor félagsins. Í árslok 2024 átti félagið handbært fé og skammtímafjárfestingar að fjárhæð 1.289 millj. kr. (2023: 5.242 millj. kr.). Auk þess voru 3.283 millj. kr. óádreagnar af framkvæmdaláni (2023: 0 millj. kr.) og 3.283 millj. kr. voru óádreagnar af ádráttarláni (2023: 0 millj. kr.).

Mögulegt tap vegna lausafjánhættu

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur, greinast þannig:

31. desember 2024

	Bókfært verð	Innan árs	Eftir 1 - 5 ár	Eftir meira en 5 ár	Samtals
Samningsbundnar greiðslur					
Vaxtaberandi skuldir	(32.085.741)	(2.081.209)	(33.541.633)	(9.069.562)	(44.692.404)
Víkjandi hluthafalán	(6.535.111)	0	0	(17.498.277)	(17.498.277)
Leiguskuldbindingar	(639.504)	(297.023)	(322.319)	(218.540)	(837.881)
Viðskipta- og aðrar skammtímaskuldir	(3.044.867)	(3.044.867)	0	0	(3.044.867)
	(42.305.223)	(5.423.099)	(33.863.952)	(26.786.379)	(66.073.429)

Samningsbundnar greiðslur afleiðna

Ál áhættuvarnir	24.944	0	0	0	0
Gjaldmiðlaskipta- samningar	(556.959)	(230.941)	(602.393)	0	(833.334)
Vaxtaskiptasamningar	127.439	71.866	62.682	0	134.547
	(404.575)	(159.075)	(539.711)	0	(698.787)

Samtals samningsbundnar greiðslur	(5.582.174)	(34.403.663)	(26.786.379)	(66.772.216)
-----------------------------------	-------------	--------------	--------------	--------------

31. desember 2023

	Bókfært verð	Innan árs	Eftir 1 - 5 ár	Eftir meira en 5 ár	Samtals
Samningsbundnar greiðslur					
Vaxtaberandi skuldir	(29.279.401)	(2.396.544)	(29.812.526)	(51.894)	(32.260.964)
Víkjandi hluthafalán	(5.807.517)	0	0	(10.677.794)	(10.677.794)
Skattur til greiðslu	(326.685)	(326.685)	0	0	(326.685)
Leiguskuldbindingar	(503.087)	(400.519)	(53.497)	(91.612)	(545.627)
Viðskipta- og aðrar skammtímaskuldir	(1.915.855)	(1.915.855)	0	0	(1.915.855)
	(37.832.545)	(5.039.603)	(29.866.022)	(10.821.300)	(45.726.925)

30. Lausafjánhætta, frh.

Samningsbundnar greiðslur afleiðna

Vaxtaskiptasamningar	97.071	97.878	0	0	97.878
	97.071	97.878	0	0	97.878

Samtals samningsbundnar greiðslur	(4.941.725)	(29.866.022)	(10.821.300)	(45.629.047)
-----------------------------------	-------------	--------------	--------------	--------------

Samningsbundnar greiðslur afleiðna eru reiknaðar út frá framvirkri verðlagningu.

31. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði, s.s. vegna erlendra gjaldmiðla, álverðs og vaxta, hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagerninga. Markmið með stýringu markaðsáhattu er að stýra og takmarka áhattu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

32. Vaxtaáhætta

Lántökur félagsins eru að mestu með breytilegum vöxtum. Til þess að draga úr þessari áhattu hefur félagið gert gjaldmiðlaskiptasamning og vaxtaskiptasamning sem færir hlutfall fastra vaxta af skuldum í u.þ.b. 94% (að víkjandi hluthafaláninu meðtöldu) í árslok (2023: 55% fastir vextir).

Gangvirði vaxtaskiptasamninga

	2024	2023
Gangvirði vaxtaskiptasamninga í ársbyrjun	97.071	639.744
Breyting á gangvirði	30.368	(542.673)
Gangvirði vaxtaskiptasamninga í árslok	127.439	97.071

Gangvirði er byggt á verði miðlara.

Fjármálagerningar með breytilegum vöxtum

Fjáreignir	1.288.804	5.241.740
Fjárskuldir	(24.505.182)	(29.279.401)
Gjaldmiðlaskiptasamningar	10.590.141	0
Vaxtaskiptasamningar	12.921.700	13.620.000
	295.463	(10.417.661)

Fjármálagerningar með föstum vöxtum

Lán til dótturfélags	2.317.688	2.203.613
Fjárskuldir	(7.580.559)	0
Víkjandi hluthafalán	(6.535.111)	(5.807.517)
Gjaldmiðlaskiptasamningar	(11.117.544)	0
Vaxtaskiptasamningar	(12.921.700)	(13.620.000)
	(35.837.226)	(17.223.904)

32. Vaxtaáhætta, frh.

Næmnigreining sjóðstreymis vegna breytilegra vaxta

Breyting á vöxtum á uppgjörssdegi um 100 punkta myndi hækka (lækka) afkomu og aðra heildarafkomu um eftirfarandi fjárhæðir eftir tekjuskatt. Þessi greining byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi erlendra gjaldmiðla, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2023.

	Afkoma	
	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun
31.12.2024		
Fjármálagerningar með breytilegum vöxtum	2.334	(2.334)
Næmnigreining sjóðstreymis, nettó	2.334	(2.334)
31.12.2023		
Fjármálagerningar með breytilegum vöxtum	(83.341)	83.341
Næmnigreining sjóðstreymis, nettó	(83.341)	83.341

Næmnigreining vegna breytinga á vöxtum

Breyting á vöxtum á uppgjörssdegi um 100 punkta myndi hækka (lækka) afkomu og aðra heildarafkomu um eftirfarandi fjárhæðir eftir tekjuskatt. Þessi greining byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi erlendra gjaldmiðla, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2023.

	Afkoma	
	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun
31.12.2024		
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	(758)	772
Ál áhættuvarnir	(107)	108
Gjaldmiðlaskiptasamningar	287.983	(299.385)
Vaxtaskiptasamningar	333.063	(333.063)
Samtals	620.182	(631.569)
31.12.2023		
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	(2.508)	2.578
Vaxtaskiptasamningar	17.568	(17.620)
Samtals	15.059	(15.042)

33. Gjaldmiðlaáhætta

Félagið býr við gengisáhættu vegna sölusamninga, innkaupa og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru Bandaríkjadalur (USD) og evra (EUR). Aðrir gjaldmiðlar skapa óverulega gengisáhættu.

Félagið notar gjaldmiðlaskiptasamning til að skipta meirihluta lána félagsins úr evrum í Bandaríkjadali. Um 32% (2023: 28%) af tekjum félagsins var í Bandaríkjadöllum og því ver félagið hluta af tekjum sínum í Bandaríkjadöllum óbeint gegn gjaldmiðlaáhættu með lántöku í Bandaríkjadöllum. Um 8% af tekjum félagsins var í evrum (2023: 15%).

Mögulegt tap vegna gjaldmiðlaáhættu

Bókfært verð fjáreigna og fjárskulda í erlendum gjaldmiðlum greinist með eftirfarandi hætti í árslok:

			Gjaldmiðla- skipta- samningur	Hrein staða
31.12.2024	Eignir	Skuldir		
EUR	384.799	(11.218.378)	10.590.141	(243.438)
USD	1.668.177	(29.908.356)	(11.117.544)	(39.357.724)
JPY	180	(2.330)	0	(2.150)
Aðrar erlendar myntir	507	(6.760)	0	(6.253)
	2.053.663	(41.135.824)	(527.404)	(39.609.566)

	Eignir	Skuldir	Hrein staða
31.12.2023			
EUR	468.215	(81.814)	386.401
USD	4.849.811	(35.158.617)	(30.308.806)
JPY	142.966	0	142.966
Aðrar erlendar myntir	3.503	(44.071)	(40.568)
	5.464.495	(35.284.502)	(29.820.007)

	Meðalgengi		Árslokagengi	
Gengi helstu gjaldmiðla var eftirfarandi á	2024	2023	2024	2023
EUR	149,31	149,14	143,90	150,50
USD	137,93	137,98	138,20	136,20
JPY	0,91	0,98	0,88	0,96

33. Gjaldmiðlaáhætta, frh.

Næmnigreining

Styrking íslensku krónunnar um 10% gagnvart eftirfarandi gjaldmiðlum þann 31. desember hefði hækkað (lækkað) afkomu ársins eftir tekjuskatt um eftirfarandi fjárhæðir. Greiningin byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist stöðugar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2023.

	2024	2023
EUR	19.232	(30.912)
USD	3.109.260	2.424.704
JPY	170	(11.437)
Aðrar erlendar myntir	494	3.245

Veiking íslensku krónunnar um 10% gagnvart ofangreindum gjaldmiðlum þann 31. desember hefði haft öfug áhrif sömu fjárhæðar á afkomu ársins eftir tekjuskatt og getið er um að ofan, að því gefnu að aðrar breytur haldist stöðugar.

34. Álverðsáhætta

Árið 2004 gerði félagið orkusölusamning við Norðurál um sölu á raforku til ársins 2026. Samningurinn er í Bandaríkjadöllum og orkuverð tengt álverði á London Metal Exchange (LME). Félagið hefur gert afleiðusamninga tengda álverði til að draga úr sveiflum og tryggja samningsbundnar tekjur þegar álverð sveiflast á ákveðnu bili, þ.e. til að tryggja tekjur þegar álverð lækkar en á móti verður félagið af tekjum þegar álverð hækkar. Árið 2024 var 68% af tekjum samkvæmt samningum til Norðuráls varið gegn verðbreytingum á áli (2023: 96%).

Orkusölusamningurinn við Norðurál innfelur innbyggða afleiðu en virði hennar ræðst af framtíðarálverði. Í upphafi samnings var virði afleiðunnar núll. Þar sem markaðsverð er ekki tiltækt fyrir þessa innbyggðu afleiðu er almennt viðurkenndum verðmatsaðferðum beitt við ákvörðun gangvirðis hennar. Núvirði sjóðstreymis á eftirstandandi líftíma raforkusölusamningsins er reiknað miðað við framvirk verð á London Metal Exchange (LME) á reikningsskiladegi. Frá þessari fjárhæð er dregið núvirði sjóðstreymis byggt á forsendum um álverð þann dag sem samningurinn var gerður. Gangvirðisbreyting milli reikningsskilatímabila er færð í rekstrarreikning.

Við útreikning á núvirði innbyggðu afleiðanna notar félagið ávöxtunarkröfu byggða á bandarískum áhættulausum vöxtum að viðbættri áhættudreifingu.

Gangvirði innbyggðra afleiðna er eftirfarandi:

	2024	2023
Gangvirði innbyggðra afleiðna 1. janúar	184.647	343.597
Breyting á gangvirði	(41.713)	(158.949)
Gangvirði innbyggðra afleiðna 31. desember	142.935	184.647
Vextir notaðir við ákvörðun gangvirðis innbyggðra afleiðna	6,0%	5,9-5,5%

34. Álverðsáhætta, frh.

Félagið hefur gert afleiðusamninga til að draga úr álverðsáhættu vegna samninga við Norðurál. Stefnan er endurskoðuð árlega.

Gangvirði ál áhættuvarnaafleiðna er eftirfarandi:

	2024	2023
Gangvirði ál áhættuvarnaafleiðna 1. janúar	0	(15.023)
Innleystar ál áhættuvarnir	0	114.663
Breytingar á gangvirði	24.944	(99.640)
Gangvirði ál áhættuvarnaafleiðna 31. desember	24.944	0

Næmnigreining

Breyting álverðskúrfu um 10% í lok ársins til hækkunar eða lækkunar hefði hækkað eða lækkað afkomu félagsins eftir tekjuskatt um þær fjárhæðir sem sjá má hér á eftir. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2023.

	Afkoma	
	2024	2023
Hækkun um 10%		
Innbyggðar afleiður	304.621	496.789
Ál áhættuvarnaraafleiður	(85.641)	0
	218.980	496.789
Lækkun um 10%		
Innbyggðar afleiður	(304.621)	(496.789)
Ál áhættuvarnaraafleiður	114.895	0
	(189.727)	(496.789)

35. Flokkun fjármálagerna

Fjáreignir og fjárskuldir flokkast þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Fjáreignir		
Fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði	6.702.794	9.341.840
Fjáreignir færðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning	184.454	298.293
	6.887.247	9.640.133

Fjárskuldir

Fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði	42.305.223	37.832.545
Fjárskuldir færðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning	429.519	0
	42.734.742	37.832.545

36. Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Gangvirði og bókfært verð fjáreigna og fjárskulda í efnahagsreikningi greinist þannig:

	31.12.2024		31.12.2023	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi langtímaskuld (stig 3)	38.620.852	41.143.825	35.086.918	35.086.918

Vextir notaðir við mat á gangvirði

Gangvirði sem er ákvarðað vegna skýringa, er reiknað núvirði framtíðarflæðis höfuðstóls og vaxta og er afvaxtað með markaðsvöxtum á uppgjörssdegi.

Vaxtahlutföll notuð við mat á gangvirði:

	2024	2023
Vaxtaálag á vaxtaberandi langtímaskuldir	2,0%-3,6%	2,0%-2,5%
Vextir til núvirðingar	4,9%-5,2%	-

Gangvirði annarra fjáreigna og fjárskulda er jafnt bókfærðu verði þeirra.

Taflan hér að neðan sýnir fjármálagerninga færða á gangverði eftir verðmatsferð. Aðferðirnar eru skilgreindar á eftirfarandi hátt:

Stig 1: Uppgefin verð á virkum markaði fyrir sams konar eignir og skuldir.

Stig 2: Forsendur byggja á öðrum breytum en uppgefnum verðum á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint (þ.e. verð) eða óbeint (þ.e. afleidd af verðum).

Stig 3: Forsendur gangvirðis eigna og skulda eru ekki byggðar á gögnum sem unnt er að afla á markaði.

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
31. desember 2024				
Rekstrarfjármunir	0	0	54.273.630	54.273.630
Innbyggðar afleiður	0	142.934	0	142.934
Ál áhættuvarnir	0	24.944	0	24.944
Aðrar afleiður	0	(429.519)	0	(429.519)
Eignarhlutir í öðrum félögum	0	0	16.575	16.575
Samtals	0	(261.641)	54.290.205	54.028.564
31. desember 2023				
Rekstrarfjármunir	0	0	53.892.028	53.892.028
Innbyggðar afleiður	0	184.647	0	184.647
Aðrar afleiður	0	97.071	0	97.071
Eignarhlutir í öðrum félögum	0	0	16.575	16.575
Samtals	0	281.718	53.908.603	54.190.322

37. Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða þess sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar.

Stjórn félagsins leitast við að halda jafnvægi í fjármögnun þar sem tekið er mið að því að vænta má hærri ávöxtunar með aukinni skuldsetningu á sama tíma og hagræði og öryggi felst í lægri skuldsetningu. Eiginfjárhlutfall var 38,8% í árslok 2024 (2023: 41,7%). Ef víkjandi hluthafalánið væri flokkað sem eigið fé í lok árs 2024 yrði eiginfjárhlutfall félagsins 47,0% (2023: 49,4%).

38. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Tengdir aðilar félagsins eru hluthafar, dótturfélög, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn þeirra og stjórnendur og önnur félög sem þeir eiga.

	Félög með eignaraðild	Dótturfélög	Hlutdeildar- félög	Samtals
31. desember 2024				
Seldar vörur og þjónusta	2.062	0	2.183	4.244
Keyptar vörur og þjónusta	0	405.638	13.753	419.391
Vaxtatekjur	0	289.197	0	289.197
Vaxtagjöld	640.632	0	0	640.632
Lán og viðskiptakröfur	0	2.700.103	2.452	2.702.554
Lán og skammtímaskuldir	6.535.111	45.234	0	6.580.345
31. desember 2023				
Seldar vörur og þjónusta	5.500	6.417	71	11.988
Keyptar vörur og þjónusta	0	127.790	8.950	136.740
Vaxtatekjur	0	91.791	0	91.791
Vaxtagjöld	572.910	0	0	572.910
Lán og viðskiptakröfur	0	2.379.389	222	2.379.610
Lán og skammtímaskuldir	5.807.517	42.574	850	5.850.941

Í ágúst 2023 veitti HS Orka Íslenskri orkuvirkjun Seyðisfirði ehf. verðtryggt lán bundið vísitölu neysluverðs að upphæð 2.129 millj. kr. Lánið er með 6,45 prósent vexti og 22 mánaða lánstíma.

Árið 2024 veitti HS Orka VesturVerk ehf. lán að upphæð 179 millj. kr. Eftirstöðvar höfuðstóls og áfallinna vaxta í lok árs 2024 eru 382 millj. kr. (2023: 168 millj. kr.).

39. Ágreiningsmál

Þann 19. apríl 2022 stefndi Orkuveita Reykjavíkur (OR) Norðuráli og HS Orku fyrir gerðardóm vegna orkusölusamningsins dagsettum 6. apríl 2005. Sóttist OR eftir viðurkenningu dómsins á að endurskoðunarákvæði orkusölusamningsins væri orðið virkt. Í apríl 2023 endurskilgreindi gerðardómur, með samþykki málsaðila, HS Orku sem stefnanda ásamt OR í stað stefnda. Málflutningur fór fram í júní 2024 en búist er við málalokum í mars 2025 snúi niðurstaðan að því að taka upp viðræður um breytingar á samninginum, en ekki taka afstöðu til mögulegra fjárhæða.

40. Jarðhræringar

Jarðhræringar norðan Grindavíkur hófust 25. október 2023 og lýstu sér í jarðskjálftavirkni og eldgosum nálægt orkuverinu í Svartsengi og Grindavíkurbæ. Frá upphafi eldsumbrota hefur átta sinnum flætt út úr kvikuhólfinu og kvikugangar þannig myndast. Sá fyrsti, þann 10. nóvember 2023, leiddi ekki til eldgoss en í kjölfar hinna sjö, 18. desember 2023, 14. janúar 2024, 8. febrúar 2024, 16. mars 2024, 29. maí 2024, 22. ágúst 2024 og 20. nóvember 2024, urðu skammvinn eldgos.

Jarðvarmavirkjunin í Svartsengi er í fullum rekstri og hefur verið það allt þetta tímabil, fyrir utan tvö atvik í tveimur af sjö eldgosum. Þau áttu sér stað 8. febrúar og 22. nóvember 2024 en áhrif á starfsemi orkuversins í Svartsengi voru óveruleg. Hraunrennsli í kjölfar gossins 8. febrúar 2024 rauf heitavatnstenginguna frá Svartsengi að nálægum sveitarfélögum á Reykjanesi. Viðgerðir hófust tafarlaust og heitt vatn komst aftur á 13. febrúar. Heildarkostnaður vegna viðgerðanna var óverulegur. Hraunrennsli frá gosinu 22. nóvember 2024 rauf háspennulínuna sem tengdi orkuverinu í Svartsengi við Landsnet. Landsnet, sem sér um allan flutning raforku og kerfisstjórnun á Íslandi, kom aftur á tengingu við Svartsengi 29. nóvember 2024 á meðan í heita- og kaldavatnslagnir undir hrauni héldust órofnar. Jarðhræringarnar hafa hvorki haft áhrif á starfsemi jarðvarmavirkjunarinnar á Reykjanesi né vatnsaflsvirkjanirnar Brú og Fjarðarárvirkjanir.

Frá árinu 2021 hefur HS Orka uppfært viðbragðsáætlanir fyrirtækisins reglulega. Þetta felst m.a. í því að skilgreina varavatsból, útvega efni til að verjast hraunrennsli og undirbúningi fyrir að skipta út heitavatnslögnum ofanjarðar fyrir lagnir neðanjarðar á hættusvæðum.

HS Orka virkjar viðbragðsáætlanir sínar ef Almannavarnir lýsa yfir „óvissustigi“ vegna náttúruvá. Í nóvember 2023 samþykkti ríkisstjórn Íslands neyðarlög sem heimiluðu Almannavörnum að byggja varnargarða í kringum Svartsengi. Síðan þá hefur gosið sjö sinnum án þess að það hafi haft áhrif á starfsemina í Svartsengi fyrir utan minniháttar bilanir eins og áður hefur verið lýst. Varnargarðarnir hafa sannað gildi sitt með því að breyta stefnu hraunrennslisins og rök hníga að því að áhætta vegna hraunrennslis sé umtalsvert minni fyrir Svartsengi innan varnargarðanna, en almenn áhætta af hraunrennsli ef ekkert er að gert.

Undirbúningsvinna HS Orku, í nánú samstarfi við Almannavarnir, hefur skilað sér í takmörkuðum skemmdum og litlum truflunum á hitaveitu. Hætta vegna jarðhræringa er enn fyrir hendi og HS Orka heldur áfram að undirbúa sig og bregðast við eftir því sem aðstæður breytast. Einnig stendur enn yfir vinna við langtímalausnir til að koma í veg fyrir rof á þjónustu vegna hraunrennslis, til að mynda með því að verja lagnir á hættusvæðum auk þess að finna hugsanlegar uppsprettur jarðhita í nágrenni Reykjanesbæjar til vara.

Félagið er tryggt hjá viðurkenndum aðilum, tryggingarfélagið Chubb sem hefur hlotið einkunnina AA hjá S&P er leiðandi fyrir hópinn, en tryggingum er skipt á milli nokkurra tryggingafélaga eins og algengt er með félög á stærð við HS Orku. Um er að ræða tryggingu gegn alþjóni eins og er sambærileg tryggingarvernd fyrir áhættu af þessu tagi á mörkuðum í London. Þetta þýðir í raun að tryggingin bæti allt ófyrirséð tjón að undanskildu því sem sérstaklega er tekið fram að ekki sé bætt. HS Orka nýtur tryggingaverndar vegna atburða sem orsakast af jarðhræringum og eldgosum, því ekki eru tilteknað undanþágur, aukin sjálfsábyrgð eða skilyrði þrengd fyrir tjón af völdum náttúruhamfara í tryggingaskilmálum.

HS Orka er einnig með verktryggingu (e. Contractors All Risks) vegna stækkunar Svartsengisvirkjunar (SVA7).

40. Jarðhræringar, frh.

Fyrirhugað er að tryggingar verði endurnýjaðar eins og verið hefur árlega. Í ljósi fyrirbyggjandi aðgerða stjórnenda félagsins og íslenskra stjórnvalda til að draga úr áhættu vegna jarðhræringa, er þess vænst að til lengri tíma litið skili það sér í betri tryggingarvernd og lægri iðgjöldum.

41. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Engir aðrir mikilvægir atburðir hafa orðið eftir lok reikningsskiladags, 31. desember 2024.

Viðauki: Stjórnarháttayfirlýsing, óendurskoðuð

Löggjöf og stjórnarhættir

Félagið starfar í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995, með síðari breytingum, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og önnur viðeigandi lög og reglugerðir. Stjórn HS Orku hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfu. Samþykktir félagsins og starfsreglur stjórnar, síðast endurskoðaðar 5. júlí 2024, leggja meginlínur að stjórnarháttum félagsins. Samþykktirnar má finna á vefsíðu félagsins.

Félagið starfar í meginatriðum eftir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Þó er ekki starfandi tilnefningarnefnd innan félagsins þar sem hvor hluthafinn um sig tilnefnir stjórnarmenn í stjórn félagsins. Þar af leiðandi eru stjórnarmenn ekki óháðir hluthöfunum.

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, gefi sér forsendur og geri áætlanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessum áætlunum.

Innra eftirlit og áhættustjórnun

Til að tryggja að ársreikningur félagsins sé í samræmi við góðar reikningsskilavenjur leggur félagið áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið, aðgreiningu starfa, reglubundna skýrslugjöf og gegnsæi í starfsemi sinni. Ferlið við gerð og yfirferð mánaðarlegra skýrsla er mikilvægur hluti eftirlits með fjárhagslegri frammistöðu og öðrum lykilþáttum.

Í samræmi við starfsreglur stjórnar greinir stjórnin og metur áhættuþætti sem félagið þarf að fylgjast með, þar á meðal eðli og umfang þeirra, ásamt því að ákveða aðgerðir til að draga úr umræddum áhættuþáttum. Að auki staðfestir stjórnin virkni innra eftirlits og áhættustýringar.

Samkvæmt starfsreglum endurskoðunarnefndar HS Orku er meginhlutverk hennar að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjárhagslegra upplýsinga ásamt óhæði endurskoðanda.

Ytri endurskoðendur eru kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Þeir mega ekki eiga hluti í félaginu. Ytri endurskoðendur kanna ársreikning félagsins í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun og kanna í þeim tilgangi fjárhagsgögn og önnur gögn um rekstur og fjárhagsstöðu félagsins. Ytri endurskoðendur hafa ávallt aðgang að öllum gögnum og bókhaldi félagsins. Þeir greina stjórn félagsins, gegnum endurskoðunarnefndina, frá mikilvægum niðurstöðum sínum um reikningshald félagsins í endurskoðunarskýrslu sinni.

Stjórn og undirnefndir stjórnar

Samkvæmt samþykktum félagsins er félaginu stjórnað af:

Hluthafafundum

Stjórn

Forstjóra

Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra marka sem kveðið er á um í lögum og samþykktum þess, er í höndum lögbundinna hluthafafunda. Raunverulegir eigendur HS Orku eru sjóðir í stýringu Ancala Partners og 14 íslenskir lífeyrissjóðir.

Stjórn og undirnefndir stjórnar, frh.

Í mannauðsstefnu félagsins segir að félagið leggi megináherslu á algjört jafnrétti í mannauðsmálum þar sem hver starfsmaður sé metinn að verðleikum. Þessi meginregla tekur til ýmissa þátta, þar á meðal sveigjanleika, símenntunar, þróunar í starfi og álíka starfsskilyrða. Félagið tryggir að mannréttindi starfsfólks séu virt, í samræmi við lög, reglugerðir og alþjóðasamninga, og stendur vörð um félagafrelsi starfsfólks. Stefna um fjölbreytileika er hluti af jafnréttisáætlun félagsins. Í stefnunni kemur fram að félagið skuli gæta að fjölbreytileika og jafnrétti starfsfólks, óháð aldri, kyni, kynhneigð, þjóðerni, litarhætti, trú eða stjórnálaskoðunum. Báðar stefnur tilgreina að hvers konar ólögleg eða ósanngjörn mismunur er ekki liðin. Starfsfólk félagsins hefur fjölbreyttan bakgrunn, þekkingu, reynslu og hæfileika. Kynjajafnvægi er í stjórninni og þar eru fjórir stjórnarmenn með alþjóðlega reynslu og með víðtæka menntun og bakgrunn. Meðlimir framkvæmdastjórnar eru sérfræðingar á sínu sviði með fjölbreytta menntun. Af sjö framkvæmdastjórum eru þrjár konur.

Stjórn

Stjórn félagsins fer með stjórnun þess innan þeirra marka sem sett eru í lögum, samþykktum félagsins og hluthafasamkomulagi.

Stjórnarmenn eru fjórir, tilnefndir af hvorum hluthafa fyrir sig og kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnin ber ábyrgð á málefnum félagsins og starfar í samræmi við samþykktir félagsins og starfsreglur stjórnar. Starfsreglur stjórnar eru að finna á vefsíðu félagsins.

Meginhlutverk og skyldur stjórnar eru eftirfarandi:

- Gera ráðningarsamning við forstjóra og hafa eftirlit með störfum hans.
- Bera ábyrgð á stefnumótun til lengri tíma.
- Hafa stöðuga og nákvæma yfirumsjón með öllum þáttum í rekstri félagsins og tryggir að skipulagi og að athafnir þess séu ávallt í góðu horfi. Stjórnin skal einkum tryggja viðeigandi yfirumsjón með fjárhagslegu eftirliti, nákvæmni fjárhagsupplýsinga og ráðstöfun fjármuna félagsins. Að minnsta kosti einu sinni á ári skal stjórn staðfesta rekstrar- og fjárhagsáætlun félagsins.
- Greina að minnsta kosti árlega áhættuþætti sem félagið þarf að fylgjast með, þar á meðal eðli og umfang þeirra ásamt því að ákveða aðgerðir til að draga úr umræddum áhættuþáttum. Að auki staðfestir stjórnin virkni innra eftirlits og áhættustýringar með reglulegum hætti. Hún tryggir að starfsmenn geti tilkynnt misbresti við að fyrirbyggja áhættu og atvik í starfsemi félagsins án þess að eiga á hættu að sæta óréttlátri meðferð í tengslum við starf sitt.

Við mat á stærð og samsetningu tekur stjórnin tillit til starfsemi félagsins, stefnu þess og framkvæmdar, þekkingar og reynslu sem og sérþekkingar hvers stjórnarmanns. Stjórnin telur að stærð og samsetning hennar sé í samræmi við það markmið að leysa verkefni á skilvirkan og heiðarlegan hátt með hag félagsins að leiðarljósi.

Kynjahlutföll í stjórn á árinu 2024 eru jöfn. Í stjórn HS Orku eru: Adrian Pike (formaður), Bjarni Þórður Bjarnason (varaformaður), Heike Bergmann og Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir.

Stjórn, frh.

Adrian Pike stjórnarformaður, fæddur 1967 og býr í Grazely Green, Bretlandi. Adrian hefur setið í stjórn félagsins síðan 2. júlí 2020. Hann er rafvirki og hefur lokið námi í rafmagnsverkfræði og stjórnun. Hann hefur yfir 30 ára reynslu á sviði innviða veitna og orkufyrirtækja. Adrian byrjaði feril sinn sem iðnnemi í rafvirkjun hjá Scottish and Southern Energy og vann sig þar upp í framkvæmdastjórn félagsins. Árið 2010 stofnaði hann félagið Anesco Ltd. í samstarfi við fleiri aðila og sat þar sem framkvæmdastjóri til ársins 2016. Síðar var Adrian meðstofnandi InstaVolt Ltd., sem rekur hraðhleðslukerfi fyrir rafbíla og situr þar nú sem stjórnarformaður. Enn fremur er Pike stjórnarformaður Enviromena og stjórnarformaður breska afþreyingarfyrirtækisins Clays.

Bjarni Þórður Bjarnason, varaformaður, fæddur 1969 og býr í Reykjavík. Bjarni hefur setið í stjórn félagsins síðan 10 júní 2019. Hann er með próf í verðbréfamiðlun, er vélaverkfræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA gráðu frá SMU Cox School of Business. Bjarni hefur reynslu af rekstri fyrirtækja og hefur á síðustu árum veitt mörgum íslenskum og erlendum fjárfestum ráðgjöf í kaupum og sölum á fyrirtækjum auk þess að safna hlutafé. Bjarni er einn af stofnendum Arctica Finance og starfar nú sem aðstoðarframkvæmdastjóri félagsins. Að auki er Bjarni stjórnarmaður í Arctica Eignarhaldsfélag, Árvakri og Þórsmörk. Frá júní 2003 og til október 2009 var Bjarni forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans hf. Fyrir þann tíma starfaði hann sem aðstoðarmaður fyrirtækjaráðgjafar Búnaðarbankans og þar áður í samskonar stöðu hjá Gildingu fjárfestingasjóði.

Heike Bergmann, fædd 1968 og býr í Heidenheim an der Brenz, Þýskalandi. Heike hefur setið í stjórn félagsins frá 24. maí 2019. Hún er með MBA-gráðu og er rafmagnsverkfræðingur frá Technische Universität Darmstadt. Heike er með reynslu af sölu og markaðsmálum innan veitu og orkufyrirtækja. Frá júlí 2016 hefur Heike gengt stöðu aðstoðarforstjóra hjá söludeild fyrir Afríku hjá Voith Hydro Holding GmbH & Co en áður, frá 2012, gegndi hún stöðu framkvæmdastjóra hjá sama fyrirtæki. Frá 2011 til 2012 starfaði Heike sem deildarstjóri þjónustu hjá Alstom Grid Inc. og framkvæmdastjóri söludeildar frá 2007 til 2010 hjá Arvera T&D. Hún er varastjórnarformaður hjá Sub-Sahara Africa Initiative of the German Industry og á sæti ráðgjafaráði einkageirans hjá GIZ.

Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir fæddist árið 1981 og býr í Garðabæ. Margrét tók sæti í stjórninni í apríl 2023. Hún er með BS-gráðu í iðnaðarverkfræði og MS-gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands, auk MS-gráðu í endurnýjanlegum orkukerfum og stefnumótun frá RES orkuskóla. Margrét er framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Transition Labs, einkarekins loftslagsverkefnis sem starfar með öflugum alþjóðlegum aðilum á sviði loftslagsmála. Áður var hún í yfirstjórn Carbon Recycling International og meðeigandi Brunnur Ventures, auk þess að starfa við fyrirtækjapróun, fjármálþjónustu við fyrirtæki og endurskipulagningu fyrirtækja hjá Landsbankanum. Margrét hefur átt sæti í fjölda stjórna, bæði í einkageiranum og hjá hinu opinbera. Hún er stjórnarformaður Tækniseturs ehf. auk þess að sitja í stjórn Rastar sjávarrannsóknaseturs.

Allir stjórnarmenn félagsins eru sjálfstæðir og óháðir félaginu og stjórnendum þess. Enginn stjórnarmaður á, beint eða óbeint, eignarhluti í félaginu, hefur starfað fyrir félagið eða er með önnur hagsmunatengsl við helstu viðskipta- og samkeppnisaðila félagsins. Allir stjórnarmenn eru háðir stóru hluthöfum félagsins, ástæða þess er sú að félagið er í einungis í eigu tveggja hluthafa.

Stjórn framkvæmir sjálfsmat einu sinni á ári þar sem stjórnarmenn leggja mat á vinnu sína, árangur, stærð, samsetningu, stjórnar og undirnefnda hennar. Niðurstöðurnar gefa stjórn tækifæri á stöðugum umbótum hvað varðar skilvirkni, ákjósanlegri framsýni, stjórnun, verðmætasköpun og fyrirtækjamenningu. Jafnframt metur stjórnin vinnu og árangur forstjóra félagsins.

Viðauki: Stjórnarháttayfirlýsing, óendurskoðuð

Stjórn, frh.

Samskipti stjórnar við hluthafa eiga sér stað á lögbundnum hluthafafundum. Aðalfundur félagsins er haldinn fyrir 30. apríl ár hvert en aðrir hluthafafundir eru boðaðir eftir þörfum í samræmi við samþykktir félagsins og viðeigandi lög. Stjórnarfundir eru haldnir reglulega á starfsárinu með framkvæmdastjórn félagsins ásamt heimsókn stjórnar á athafnasvæði félagsins. Samskipti stjórnar við framkvæmdastjórn á milli stjórnarfunda eiga sér stað með tölvupóstum og símtölum. Aukafundir stjórnar eru haldnir eftir þörfum.

Á árinu 2024 hélt stjórnin níu fundi með 100% mætingarhlutfalli.

Undirnefndir stjórnar

Undirnefndir stjórnar eru tvær talsins, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Til viðbótar eru tímabundnar, eða bráðabirgða-, undirnefndir um ýmis mál eftir þörfum, skipaðar fulltrúum beggja hluthafa.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar félagsins og er tilnefnd af og starfar í umboði stjórnar. Stofnun endurskoðunarnefndar dregur ekki úr skyldum stjórnar eða leysir hana undan ábyrgð. Allir stjórnarmenn skulu hafa yfirsýn yfir málefni sem nefndin skal fjalla um.

Endurskoðunarnefndin starfar í samræmi við starfsreglur hennar, sem síðast voru endurskoðaðar 26. september 2024, aðgengilegar á vefsíðu félagsins. Nefndin ber ábyrgð á að yfirfara og meta gæði fjárhagsupplýsinga frá stjórnendum og gefa yfirsýn yfir endurskoðunarferli. Nefndin tryggir að upplýsingar til stjórnar um starfsemi félagsins, stöðu og framtíðarhorfur séu áreiðanlegar og gefi sem skýrasta mögulega mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma.

Meginhlutverk og verkefni nefndar eru að:

- Hafa eftirlit með ferli við gerð ársreikninga, stjórnarháttayfirlýsinga og ófjárhagslegra upplýsinga.
- Yfirfara skýrslu endurskoðenda til stjórnenda ásamt endurgjöf stjórnenda við henni. Hafa eftirlit með framvindu úrbóta hjá stjórnendum.
- Meta skýrslu stjórnenda um fjármál félagsins.
- Hafa eftirlit með skipulagi og virkni innri eftirlitsþáttum félagsins, innri endurskoðun (þar sem við á), áhættustýringu (þar á meðal hvernig áhættu er mætt) og hafa eftirlit með framvindu úrbóta varðandi annmarka sem komið hafa fram við innra eftirlit.
- Hafa eftirlit með endurskoðun ársreikninga félagsins, þar á meðal yfirfara og leita skýringa þegar við á.
- Meta og hafa eftirlit með störfum endurskoðenda félagsins og fara yfir niðurstöður þeirra.

Í endurskoðunarnefndinni eru þrír fulltrúar, hvor hluthafi um sig tilnefnir einn og einn er óháður nefndarmaður. Nefndarmenn eru Hildur Árnadóttir (formaður og óháð), Olli Mononen og Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir.

Á árinu 2024 hélt endurskoðunarnefndin fjóra fundi með 100% mætingarhlutfalli.

Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd er undirnefnd stjórnar félagsins og er tilnefnd af og starfar í umboði stjórnar. Stofnun starfskjaranefndar dregur ekki úr skyldum stjórnar eða leysir hana undan ábyrgð. Allir stjórnarmenn skulu hafa yfirsýn yfir málefni sem nefndin skal fjalla um.

Starfskjaranefndin starfar í samræmi við starfsreglur hennar, sem síðast voru endurskoðaðar 23. september 2024, og eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins. Í starfskjaranefndinni eru tveir fulltrúar tilnefndir af hvorum hluthafa um sig.

Starfskjaranefndin aðstoðar stjórnina við að tryggja að starfskjör styðji við markmið félagsins og uppfylli viðeigandi lagalegar kröfur. Starfskjaranefndin leggur línurnar hvað ráðningu stjórnenda varðar, þ.e. tryggir hollustu og hvatningu þeirra í samræmi við stefnu félagsins.

Meginhlutverk og verkefni nefndar eru að:

- Undirbúa og senda til stjórnar drög að stefnu um starfskjör stjórnar, forstjóra og æðstu stjórnenda og fylgjast með innleiðingu þeirrar stefnu.
- Safna tilteknum upplýsingum og kynna fyrir aðalfundi í því skyni að gera hluthöfum kleift að skilja til fulls fyrirkomulag ráðningarskilmála stjórnar, forstjóra og annarra stjórnenda.
- Fylgjast með því að laun og önnur starfskjör uppfylli skilyrði laga, reglugerða og bestu viðeigandi viðmiða á hverjum tíma, undirbúa ákvörðun stjórnar um laun og aðrar greiðslur til forstjóra, og afhenda stjórninni drög að tillögu til aðalfundar varðandi þóknun til stjórnarmanna, nefndarmanna og endurskoðenda.

Í starfskjaranefndinni eru tveir fulltrúar tilnefndir af hvorum hluthafa. Nefndarmenn eru Adrian Pike og Bjarni Þórður Bjarnason.

Á árinu 2024 hélt starfskjaranefndin fimm fundi með 100% mætingarhlutfall.

Forstjóri

Forstjórinn er ráðinn af stjórn og sér um daglegan rekstur félagsins. Hann ber ábyrgð á fjármálum félagsins og ráðningu starfsfólks. Honum ber að fylgja stefnu og tilmælum stjórnar og skal afhenda stjórn og endurskoðendum félagsins allar upplýsingar sem varða starfsemi félagsins sem þeir kunna að óska eftir og sem krafa kann að vera gerð um í lögum. Forstjórinn kemur fram fyrir hönd félagsins í þeim málefnum sem varða daglega starfsemi þess. Daglegur rekstur felur ekki í sér óvanalegar og óhefðbundnar ráðstafanir. Forstjóri getur aðeins tekið ákvarðanir um slíkar ráðstafanir ef stjórnin hefur veitt sérstaka heimild fyrir því, nema að ómögulegt sé að bíða ákvörðunar stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilfellum skal forstjóri án tafar tilkynna stjórninni um allar slíkar ráðstafanir.

Forstjóri, frh.

Forstjóri HS Orku hf. er Tómas Már Sigurðsson. Hann er fæddur árið 1968 og býr í Reykjavík. Tómas er með M.Sc.-gráðu í skipulagsverkfræði frá Cornell Háskóla í Bandaríkjunum og B.S. gráðu í bygginga- og umhverfisverkfræði frá Háskóla Íslands. Tómas var skipaður sem forstjóri félagsins frá 1. janúar 2020. Fyrir það, starfaði hann sem aðstoðarforstjóri og framkvæmdastjóri rekstrarsviðs hjá Alcoa Corporation í New York, Bandaríkjunum. Þar áður stýrði hann Alcoa í Evrópu og Mið-Austurlöndum í Genf, Sviss og fyrir það var hann forstjóri Alcoa Fjarðarál og Alcoa á Íslandi. Tómas var formaður Viðskiptaráðs Íslands frá 2009-2012 og sat í stjórn Samtaka iðnaðarins frá 2005-2011. Hann sat einnig í framkvæmdastjórn Evrópska Álfélagsins/sambandsins, Eurometaux, og Bandaríska viðskiptaráðs Evrópusambandsins frá 2012-2014. Við störf sín hjá Alcoa sat Tómas í fjölda stjórna á vegum Alcoa Corporation og sat í stjórn evrópskra álframleiðanda. Frá 2019 til 2020 var Tómas varaformaður í stjórn Íslandsbanka. Tómas situr í stjórnnum þýska flutningsfélagsins, Cargow B.V., Carbfix hf. og Háskólans á Bifröst.

Forstjóri félagsins er ekki hluthafi í félaginu, hvorki beint né óbeint og hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskipta- og samkeppnisaðila né hluthafa félagsins. Enginn kaupréttarsamningur er í gildi á milli forstjóra og félagsins.

Framkvæmdastjórn

Í framkvæmdastjórn félagsins eru sjö starfsmenn og ber hún ábyrgð á stefnumótun og ákvörðunum í samræmi við tilgang, framtíðarsýn og gildi félagsins sem stjórnin hefur samþykkt. Framkvæmdastjórnin heyrir undir forstjóra og er forstjóranum til stuðnings við daglegan rekstur. Framkvæmdastjórar hafa fjölbreyttan bakgrunn, sérhæfðir á ólíkum sviðum og þrír af sjö framkvæmdastjórum eru konur.

Arna Grímsdóttir	Framkvæmdastjóri lögræðisviðs
Ásbjörn Blöndal	Framkvæmdastjóri þróunar- og auðlindarsviðs
Björk Þórarinsdóttir	Framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni
Friðrik Friðriksson	Framkvæmdastjóri sölusviðs
Jón Ásgeirsson	Framkvæmdastjóri stefnumótunar og auðlindargarðs
Kristinn Harðarson	Framkvæmdastjóri framleiðslu
Sunna Björg Helgadóttir	Framkvæmdastjóri tæknisviðs

Hlítni við lög og reglur

Félagið gerðist ekki brotlegt við lög eða reglur samkvæmt dómi eða stjórnvaldsúrskurði á árinu 2024.